# FRÉTTABLAÐIÐ

195. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 20. ÁGÚST 2018




Mikil ánægja var meðal gesta á Menningarnótt í Reykjavík sem að þessu sinni voru yfir eitt hundrað þúsund. Meðal fjölmargra skemmtikrafta á hátíðinni var rapparinn Króli sem kom fram með félaga sínum JóaPé á kvöldtónleikum við Arnarhól. Í nógu var að snúast hjá lögreglu enda mikil áfengisdrykkja meðal gesta. Dósasafnarar áttu góðan dag. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fólk hugi að skiptingu lífeyrisréttar

**Hjónum og sambúðarfólki er heimilt að semja um skiptingu lífeyrisréttinda. Sé mikill tekjumunur er þannig hægt að jafna lífeyrisréttindi. Framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða hvetur fólk til að huga að þessu. Leiðin henti þó ekki öllum.**

**LÍFEYRISMÁL** „Við hjónin höfðum talað lengi um að gera samning um að lífeyrisréttindum okkar verði skipt til helminga en létum nú loksins verða af því,“ segir Hólmar Svansson.

Hólmar segist hafa orðið meðvitaður um þennan möguleika eftir að frænka hans missti eiginmann sinn óvænt. Hann hafði haft töluvert hærri tekjur og þar með safnað meiri lífeyrisréttindum. Þar sem þau höfðu gert samning um skiptingu lífeyrisréttinda hélt frænka hans helmingi af sameiginlegum réttindum þeirra.

Hólmar greindi nýlega frá þessu á Facebook-síðu sinni. „Ég var hissa á hversu mikla athygli þetta vakti. Það voru margir sem höfðu samband við mig til að segja sína sögu og að þeir hefðu viljað vita af þessum möguleika.“



Þórey S. Þórðardóttir

Ganga þarf frá samkomulagi um skiptingu lífeyrisréttinda fyrir 65 ára aldur og skila þarf inn heilsufarsvottorði sem sýnir fram á að sjúkdómar eða heilsufar dragi ekki úr lífslíkum. „Læknarnir sem ég fór til voru ekki með þetta á hreinu, þannig að þetta er greinilega ekki mjög algengt.“

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði verslunarmanna voru í árslok 232 samningar um skiptingu lífeyrisréttinda í gildi. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Gildi lífeyrissjóði eru slíkir samningar sagðir óalgengir.

Að sögn Þóreyjar S. Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Landssambands lífeyrissjóða, hafa samtökin reynt að vekja athygli á þessu. „Þetta hentar hins vegar alls ekki öllum og þess vegna er mikilvægt að fá ráðgjöf. Það er því ekki hægt að mæla með þessu yfir línuna.“

Þórey bendir á að hjá eldri lífeyrissjóðum, sem séu hlutfallssjóðir, sé réttur til makalífeyris almennt mjög sterkur. Í þeim tilfellum sé ekki mælt með samningi um skiptingu réttinda.

„Þetta er ekki hugsað sem eitthvert skilnaðarúrræði eins og margir halda. Þarna er um að ræða möguleika fyrir hjón og sambúðarfólk til að jafna stöðu sína þegar kemur að lífeyrisréttindum.“ **– sar**



Kristín Júlla og Margrét Einarsdóttir.

## Hitinn hindrar kvikmyndalið

**LÍFIÐ** Fjölmargir Íslendingar koma að gerð dönsku stórmyndarinnar Valhalla.

„Það er búið að krefjast alls konar lausna að reyna að hjálpa leikurunum í þessari hitabylgju,“ segir Margrét Einarsdóttir búningahönnuður. „Alveg frábær upplifun að vinna hérna í Danmörku,“ segir Kristín Júlla förðunarmeistari.

**– bb /** **sjá síðu 24**

## Afturreka með brottvísanir

**STJÓRNSÝSLA** „Ég held að það sé óhætt að fullyrða að hlutfallið sé frekar hátt,“ segir Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærunefndar útlendingamála, sem snéri við meira en helmingi ákvarðana Útlendingastofnunar um brottvísanir og endurkomubann.

Ástæðurnar fyrir ógildingu eru meðal annars brot á útlendingalögum og stjórnsýslulögum, ólögmæt beiting reglugerða og breyttar aðstæður fólksins.

Aðeins 43 prósent ákvarðana Útlendingastofnunar um brottvísun og endurkomubann einstaklinga sem synjað var um alþjóðlega vernd hér á landi voru staðfest af kærunefnd útlendingamála í fyrra. Ástæðan var ýmist sú að ákvörðun var ekki í samræmi við útlendingalög eða stjórnsýslulög. **– aá /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir skrifar um menntastefnu og færniþörf efnahagslífs framtíðarinnar. **10**

**SPORT** Piltalandsliðið stóð sig frábærlega á EM í handbolta og náði í silfurverðlaun. **14**

**TÍMAMÓT** Tónlistarhátíðin New Music For Strings fer fram í Reykjavík í vikunni. **18**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- **FÓLK**
- **FASTEIGNIR**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður



Sunnan 3-8 m/s og rigning, en skýjað á Norðaustur- og Austurlandi og stöku skúrir síðdegis. Hiti 9 til 17 stig, hlýjast á norðaustanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 20



**Í hvalstöðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vaka fyrir hvali

**UMHVERFISMÁL** Samtök sem kalla sig Whale Save gangast í kvöld fyrir samstöðuvöku gegn veiðum á langreyðum við hvalstöðina í Hvalfirði.

„Jafnvel þó að óliklegt sé að verið sé að búta niður hval á þeim tíma sem samtöðuvakan er þá er samt mikilvægt að mæta og bera vitni fyrir utan starfsemi sem ber ábyrgð á svona mikilli grimmd, og til að beina sjónsviði fólks á þennan ofbeldisfulla og óréttmæta iðnað,“ segir um viðburðinn á síðu samtakanna. **– gar**

# Mokað fyrir knatthúsi



**FH-ingar fjölmenntu í Kaplakrika í gær og tóku fyrstu skóflustungur að nýju knatthúsi. Allt hefur logað í bæjarpólitíkinni í Hafnarfirði um nokkurra ára skeið vegna knatthúsa og hafa bæði íþróttafélög bæjarins blandast í deiluna. Málið er leitt til lykta þannig að bærinn kaupir eignir af FH fyrir tæpar 800 milljónir og FH-ingar byggja sjálfir nýtt hús fyrir kaupverðið. Átökum um málið í bæjarstjórn er þó haldið áfram.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Galli kom í ljós í kirkjubjöllunni eftir komuna til landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gömul bjalla fær andlitslyftingu

**MENNING** Gamla bjallan við dómkirkju Krists konungs, í daglegu tali oft nefnd Landakotskirkja, er nú í yfirhalningu.

Farið er um yfirborð bjöllunnar með pússara, hún slípuð öll til og frískað upp á hana.

Klukkur kirkjunnar eru þrjár og eru tileinkaðar Kristi konungi, heilagri Maríu og heilögum Jósef.

Bjallan er merkileg fyrir þær sakir meðal annars að hún var aldrei notuð því galli kom í ljós á henni eftir komuna til landsins. **– jóe**




Mikið úrval af vönduðum Webasto ísskápum í húsbíla „12/24v með pressu”

BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330

www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto
Feel the Drive


# Menningarnóttin sem draumur í safnaradós

**Yfir eitt hundrað þúsund manns voru í miðbæ Reykjavíkur á Menningarnótt. Fjöldanum fylgdu mikil viðskipti fyrir veitingahús og götusala. Sama gilti um dósa- og flöskusafnara sem höfðu vart undan að hirða upp eftir manngrúann.**

**MENNING** Gríðarleg stemning var í miðborg Reykjavíkur á laugardag er Menningarnótt fór fram í einmuna blíðu. Að mati lögreglu sóttu á annað hundrað þúsund manns hátíðina.

Viðburðinum fylgdu mikil viðskiptatækifæri, ekki síst fyrir veitingahús og alls kyns götusala. Þá veittu útsendarar Fréttablaðsins því athygli að dósa- og flöskusafnarar voru á þönum langt fram eftir öllu enda virtust gestir Menningarnætur alveg sérstaklega þyrstir í sólinni. Hátíðin var því mikil búbót fyrir þennan hóp.

Hjá endurvinnslustöð Sorpu í Ánanaustum var linnulítill straumur fólks með flöskur og dósir síðdegis í gær. Þær upplýsingar fengust hins vegar hjá starfsmanni Sorpu að ekki hefði óvenjumikið skilað sér í endurvinnsluna því stórsafnararnir hefðu ekki enn látið sjá sig.

Áberandi var hversu mannskapurinn dreifðist vel um miðborgina allan daginn enda fjölbreytt dagskrá í boði um allar trissur. Hið árlega Reykjavíkurmaraþon var á sínum stað fyrri hluta dags og voru yfir 14 þúsund manns skráðir til leiks og hlupu ýmsar vegalengdir.

Vegna veðurblíðunnar og fjölda gesta var lögreglan við ýmsu búin. Í uppgjöri hennar eftir hátíðina kom meðal annars fram að 93 mál hefðu komið upp á lögreglustöðinni í miðbænum frá klukkan sjö um kvöldið þar til sex á sunnudagsmorgun. Þar á meðal var líkamsárás, slagsmál og stympingar á meðal ungmenna auk þó nokkurra mála vegna ölvunar og fólks sem var ósjálfbjarga.

„Hellt var niður þó nokkru af áfengi hjá unglingum undir aldri. Mikill fjöldi gesta sótti miðborg Reykjavíkur og var því erill hjá lögreglu samkvæmt því. Tíu aðilar gistu fangageymslur vegna ýmissa mála,“ segir um verkefnin hjá lögreglustöð 1. **gar@frettabladid.is**



**Líf og fjör var á Klapparstíg þar sem danstónlistin dunaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Mikill fjöldi gesta sótti miðborg Reykjavíkur og var því erill hjá lögreglu samkvæmt því.**
>
> Úr tilkynningu lögreglunnar



**Flöskur streymdu til Sorpu í Ánanaustum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR


A3 e-tron
Straumhvörf
Audi A3 e-tron sameinar tvo heima
Tengiltvinnbíllinn Audi A3 e-tron hefur átt mikilli velgengni að fagna. Hann var valinn besti rafbíll ársins 2015 af What Car? og er með fimm stjörnur í árekstrar- og öryggisprófunum hjá Euro NCAP.
50 kílómetra drægni á raforkunni einni saman dugar í flestar ferðir en með skilvirkri samþættingu rafdrifs og sparneytinnar bensínvélar er samanlögð heildardrægni allt að 940 km.
Til afhendingar strax
‣ 17“ álfelgur
‣ Bakkmyndavél
‣ Dökkar rúður
‣ Málm/glitlakk
‣ Nálgunarvörn framan og aftan
‣ MMI útvarp
‣ Bluetooth símatenging
‣ Bluetooth tenging fyrir tónlist
‣ Dynamic stefnuljós
‣ LED afturljós
‣ Fjarstýrðar samlæsingar
‣ Lyklalaust aðgengi
‣ Skynjari fyrir loftþrýsting í hjólbörðum
‣ Tenging fyrir USB og Iphone
‣ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
‣ Hiti í framsætum
‣ Hæðarstillanleg framsæti
‣ Skriðstillir (Cruise control)
‣ Ljósa- og regnskynjari
‣ Baksýnisspegill með glýjuvörn
‣ Rafdrifnir upphitaðir og aðfellanlegir útispeglar
‣ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
‣ Leðurklætt aðgerðastýri
‣ ABS bremsukerfi
‣ ESP stöðugleikastýring
‣ Árekstrarvörn (pre sense)
Listaverð ~~4.560.000~~ kr.
Tilboðsverð 4.090.000 kr.
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is
H


**Gæsir í graslendi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gæsaveiði hefst á landinu í dag

**SKOTVEIÐI** Gæsaveiðitímabilið hefst í dag, 20. ágúst. Heimilt er að veiða fram til 15. mars á næsta ári.

Á vef Umhverfisstofnunar kemur fram að leyfilegt sé að skjóta grágæs og heiðargæs. „Stofn heiðargæsa er í sögulegu hámarki, um fimmfalt stærri að talið er en grágæsastofninn. Út frá sjálfbærni auðlinda mega skotveiðimenn hafa það í huga ef valið stendur milli þess að skjóta heiðargæs eða grágæs,“ segir í tilkynningu stofnunarinnar. **– gar**


**Kannabisbóndinn játaði sök.**

## Kannabisrækt í kjallaraíbúð

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur játað að hafa staðið að umfangsmikilli kannabisræktun sem lögreglan á Suðurnesjum uppgötvaði við húsleit í síðustu viku og stöðvaði í kjölfarið. Maðurinn hafði tekið á leigu kjallara þar sem hann ræktaði á fjórða hundrað kannabisplantna á ýmsum vaxtarstigum.

Nokkuð hefur verið um stærri fíkniefnamál sem þessi í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum undanfarið. Í sömu viku var önnur kannabisræktun upprætt í íbúðarhúsnæði þar sem finna mátti níu plöntur og græðlinga. Þá komu þrjú önnur fíkniefnamál nýverið til kasta lögreglunnar þar sem lagt var hald á mikið magn kannabisefna, amfetamíns, e-taflna og annarra efna. **– smj**

# Útlendingastofnun afturreka með yfir helming brottvísana

**Kærunefnd útlendingamála snéri við meira en helmingi ákvarðana Útlendingastofnunar um brottvísanir og endurkomubann í einstaka málaflokkum í fyrra. Ástæðurnar fyrir ógildingu eru meðal annars brot á útlendingalögum og stjórnsýslulögum, ólögmæt beiting reglugerða og breyttar aðstæður einstaklinganna.**

**STJÓRNSÝSLA** Einungis 43 prósent ákvarðana Útlendingastofnunar um brottvísun og endurkomubann einstaklinga sem synjað var um alþjóðlega vernd hér á landi voru staðfest af kærunefnd útlendingamála í fyrra.

„Ég held að það sé óhætt að fullyrða að hlutfallið sé frekar hátt,“ segir Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður nefndarinnar, aðspurður um samanburð við kærunefndir í stjórnsýslunni almennt.

Hann segir að skipta megi þessum málum í tvo flokka. Annars vegar séu það mál sem tengjast afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og hins vegar ákvarðanir um brottvísun þeirra sem verið hafa hér of lengi eða sakamanna sem hafa fengið og afplánað dóma hér á landi.

Í fyrra tilvikinu er heimilt að ákvarða brottvísun og endurkomubann ef umsóknin er talin bersýnilega tilhæfulaus. Er þessu einkum beitt í málum einstaklinga sem koma frá skilgreindum öruggum ríkjum.

Hjörtur segir staðfestingarhlutfall nefndarinnar hafa verið um það bil 43 prósent í þessum málum í fyrra og í langflestum tilvikum var það brottvísunin sem felld var úr gildi eða í um það bil 80 prósentum tilvika. Ástæðan var ýmist sú að ákvörðun var ekki í samræmi við útlendingalög eða stjórnsýslulög.

Í hinum málaflokknum, það er málum sem ekki tengjast umsóknum um vernd heldur varða fólk sem verið hefur of lengi á landinu eða er að ljúka afplánun dóma, og hefur í kjölfarið verið birt ákvörðun um brottvísun og endurkomubann, er staðfestingarhlutfallið 58 prósent en nefndin úrskurðaði í alls 32 málum af þessum toga í fyrra.

Ástæðurnar fyrir því að svo margar ákvarðanir Útlendingastofnunar eru felldar úr gildi hjá kærunefndinni eru ýmsar, segir Hjörtur. Hann bendir á að nefndin hafi fyrst farið að fá þessar þessar almennu brottvísanir, sem ekki tengjast umsóknum um hæli, eftir gildistöku nýju útlendingalaganna 1. janúar 2017. Þá fékk nefndin til sín töluvert af gömlum málum sem legið höfðu í innanríkisráðuneytinu, (nú dómsmálaráðuneytinu) í töluverðan tíma.



**Ákvarðanir Útlendingastofnunar eru einungis staðfestar af kærunefnd í um það bil helmingi tilvika.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

■ **43%** ákvarðana Útlendingastofnunar í málum fólks frá svokölluðum öruggum ríkjum voru staðfest af kærunefnd útlendingamála í fyrra. (Þetta hlutfall er komið upp í **57%** það sem af er 2018.) Í **80** prósentum tilvika var það brottvísun frá landi sem felld var úr gildi. (Þetta hlutfall er komið niður í **60%** það sem af er árinu 2018.)

■ Nefndin fékk **32** ákvarðanir Útlendingastofnunar til úrskurðar í fyrra vegna brottvísana sem ekki varða umsókn um alþjóðlega vernd. **58** prósent þeirra voru staðfest af nefndinni.

■ **95** til **98** prósent neikvæðra ákvarðana Útlendingastofnunar í svokölluðum Dyflinnarmálum eru kærð til kærunefndarinnar.

■ **70** mál bíða afgreiðslu kærunefndarinnar.

**Ég held að það sé óhætt að fullyrða að hlutfallið sé frekar hátt.**


Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærunefndar útlendingamála

„Og það sem gerist oft þegar mál bíða er að þá breytast aðstæður,“ segir Hjörtur. Þannig hafi nefndin ekki verið ósammála mati Útlendingastofnunar í öllum tilvikum heldur hafi aðstæður einstaklingsins breyst sem kalli á aðra úrlausn máls hans.

Um brottvísanir þeirra sem synjað hafði verið um alþjóðlega vernd segir Hjörtur hins vegar að í málum sem nefndin fékk til sín í upphafi síðasta árs hafi Útlendingastofnun verið að fara styttri leið en nefndin taldi rétta og því hafi fleiri ákvarðanir verið felldar úr gildi. Staðfestingarhlutfallið hafi svo aftur farið hækkandi með vorinu. Í ágúst hafi svo komið ný reglugerð sem stofnunin fór að beita. „Við töldum þá reglugerð, allavega eins og henni var beitt, ekki hafa lagagrundvöll þannig að þá fórum við aftur að fella úr gildi.“

Hann segir þó meiri ró að komast yfir þetta núna og það sem af er ári hefur staðfestingarhlutfallið hækkað úr 43 prósentum upp í 57 prósent. Um það bil 60 prósent af þeim ákvörðunum sem felldar eru úr gildi, eru vegna brottvísana, samanborið við 80 prósent í fyrra.

Aðspurður segist Hjörtur ekki hafa nákvæmar upplýsingar um hve hátt hlutfall ákvarðana Útlendingastofnunar sé kært til nefndarinnar. „Ég myndi þó segja að langflestar ákvarðanir væru kærðar.“ Hlutfallið sé lægra í málum þeirra sem koma frá öruggum ríkjum. Þeir sætti sig frekar við niðurstöðuna. Langflest svokölluð Dyflinnarmál séu hins vegar kærð eða á bilinu 95 til 98 prósent. **adalheidur@frettabladid.is**

REKSTRAR-
VÖRUR FYRIR
HEIMILIÐ




OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17.

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksugur, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, umhverfisvænni bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is




„Það er mjög mikil eftirspurn eftir konum í upplýsingatækni á Íslandi og námið hjá Promennt gaf mér tækifæri til að skipta um starfsvettvang. Tenging Promennt við atvinnulífið skilaði mér þremur atvinnuviðtölum og starfi áður en ég kláraði námið.

**Linda Dögg Guðmundsdóttir, Framabraut – Kerfisstjórnun.**

# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

– með tækninámi hjá Promennt

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

**VIÐFANGSEFNI**
Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

**STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM**
Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR**
Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

**ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU**
Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

**STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM**
Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemendum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisvar sinnum á námstímanum.

Hefst: **27. og 28. ágúst 2018** • Lýkur: **Júní 2019**
*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

## AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Netstjórnun – CCNA
Hefst: **3. og 4. september**

Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst: **28. ágúst**

**AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?**
- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 174994



Samdráttur varð í vöruútflutningi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vöruhalli jókst á síðasta ári

**VIÐSKIPTI** Vöruskiptin á síðasta ári voru neikvæð um 176,5 milljarða króna en árið áður voru þau neikvæð um 108,2 milljarða. Hagstofan hefur birt endanlegar tölur fyrir árið 2017.

Þar kemur fram að vörur voru fluttar út fyrir 519,6 milljarða miðað við 537,4 milljarða árið áður. Vöruinnflutningur nam 696,1 milljarði sem var tæpum átta prósentum meira en árið áður þegar vörur voru fluttar inn fyrir 645,6 milljarða.

Iðnaðarvörur voru tæp 54 prósent útflutningsverðmætis en ál og álafurðir voru stærstur hluti þess. Hlutdeild sjávarafurða af útflutningsverðmæti nam 38 prósentum.

Stærstu hlutdeild í innflutningsverðmæti áttu hrá- og rekstrarvörur, eða tæp 27 prósent, fjárfestingarvörur námu rúmu 21 prósenti og flutningstæki tæpum 19 prósentum. **– sar**

## Lokað á ferðir fólks til Gaza

**PALESTÍNA** Stjórnvöld í Ísrael hafa lokað fyrir einu leið fólksflutninga um landamæri Ísraels og Gaza. Í um áratug hefur Ísrael haft stjórn á umferð um landamæri Gaza. Undanþágur verða þó veittar í neyðartilfellum. Í síðustu viku opnuðu yfirvöld einu leiðina fyrir birgðaflutninga til Gaza en þá hafði leiðin verið lokuð í mánuð.

Lokunin gæti haft áhrif á friðarviðræður Ísraels og Hamas. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum og Egyptum sem miðla málum milli þeirra eru þeir vel áfram og eru taldar töluverðar líkur á að samningar náist um vopnahlé á næstunni. **– ph**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Látinn laus eftir hnífstunguárás í Skeifunni í fyrrinótt

**LÖGREGLUMÁL** Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir manninum sem grunaður er um stunguárás í Skeifunni í fyrrinótt.

Karl Steinar Valsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við blaðamann á frettabladid.is að lagalegar forsendur væru ekki fyrir hendi til að fara fram á gæsluvarðhald yfir manninum þrátt fyrir alvarleika árásarinnar. Maðurinn hafi því verið látinn laus að lokinni skýrslutöku.

Karl Steinar vildi ekki tjá sig um það hvort játning lægi fyrir í málinu.

Lögreglu barst tilkynning klukkan fimm í fyrrinótt um árásina. Gerandinn var sagður hafa stungið mann ítrekað í neðri hluta líkamans svo hann hlaut djúpa skurði. Maðurinn var fluttur á slysadeild. Hann var ekki talinn í lífshættu. **– ph**



Tilkynnt var um hnífarárás í Skeifunni í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Breytingar á miðbæ Selfoss samþykktar í íbúakosningu

**Íbúar í sveitarfélaginu Árborg samþykktu á laugardag í íbúakosningu tillögur um uppbygginguna miðbæjar Selfoss. Tillögurnar hafa verið umdeildar og var safnað undirskriftum til að knýja fram kosninguna. Framkvæmdaaðilar vonast til að geta hafist handa í lok næsta mánaðar. Forsprakki íbúakosningar er ósáttur.**

**SKIPULAGSMÁL** Breytingar á aðal- og deiliskipulagi miðbæjar Selfoss voru samþykktar í íbúakosningu á laugardag. Allir íbúar sveitarfélagsins Árborgar 18 ára og eldri voru á kjörskrá.

Kosningaþátttaka var um 55 prósent og er niðurstaðan þar með bindandi fyrir bæjarstjórnina en minnst 29 prósenta þátttöku þurfti til þess.

Alls greiddu 2.130 atkvæði með breytingum á aðalskipulagi en 1.425 voru andvígir breytingunum. Þá skiluðu 85 auðu. Af þeim sem tóku afstöðu voru því um 60 prósent fylgjandi breytingunum en um 40 prósent mótfallin.

Svipuð niðurstaða var þegar spurt var um breytingar á deiliskipulagi. 2.034 voru hlynntir breytingum á deiliskipulagi, 1.434 voru andvígir og 172 skiluðu auðu.

Leó Árnason, framkvæmdastjóri Sigtúns þróunarfélags sem er framkvæmdaaðili verkefnisins, segist mjög sáttur við niðurstöðuna sem hann segir hafa verið afgerandi.

„Tillögurnar voru fyrst kynntar í mars 2015 þannig að þetta er búið að vera langt og strangt ferli. Við renndum blint í sjóinn um niðurstöðuna en fundum þó mikinn meðbyr síðustu vikur þegar fólk fór að kynna sér málið betur," segir Leó.

Hann segir greinilegt að fólk sé spennt fyrir verkefninu, ekki síst endurbyggingu Gamla mjólkurbúsins. Þar er ráðgert að setja upp safn helgað skyri og mjólkuriðnaðinum.

Að sögn Leós er stefnt að því að taka fyrstu skóflustungu að fyrri áfanga verkefnisins í lok næsta mánaðar.

Aldís Sigfúsdóttir, einn þriggja ábyrgðarmanna undirskriftasöfnunarinnar, segist hafa viljað sjá aðrar niðurstöður. „Þátttakan var ágæt en það er rosalegt að fara út í þetta þegar svona margir eru andvígir."

Hún segir að hugmyndin með íbúakosningunni hafi verið að setja þetta í hendur íbúanna. Hún bendir á að áætlaður byggingarkostnaður sé hærri en árstekjur sveitarfélagsins.

„Þetta er mjög stór framkvæmd fyrir lítið samfélag. Þarna er verið að setja tvo hektara í hendurnar á einu félagi."

Þá gagnrýnir hún að áformin feli í sér skerðingu bæjargarðsins. „Garðurinn er gersemi sem á að halda í. Starfsemin sem er í kringum hann ætti að vera á þeim forsendum að styrkja garðinn."

Ábyrgðarmenn undirskriftasöfnunarinnar hafa sent bæjarráði ábendingar um það sem þeir telja formgalla á framkvæmd kosningarinnar. „Við höfum ekki fengið formlegt svar við þessum ábendingum um hvort íbúakosningin hafi verið í samræmi við lög og reglur."

**sighvatur@frettabladid.is**



Tölvugerð yfirlitsmynd af því hvernig nýi miðbærinn á Selfossi gæti litið út þegar framkvæmdunum er lokið.

> **Þátttakan var ágæt en það er rosalegt að fara út í þetta þegar svona margir eru andvígir.**
>
> Aldís Sigfúsdóttir, einn þriggja ábyrgðarmanna undirskriftasöfnunarinnar





# Flóðin í Kerala-héraði í rénun

**INDLAND** Flóðin í Kerala-héraði á Indlandi eru í rénun. Búist er við að það dragi úr rigningu á næstu dögum og vinna björgunaraðilar nú hörðum höndum að því að bjarga þúsundum sem enn eru fastir á flóðasvæðunum.

Tilkynnt hefur verið um að þrjátíu og þrír hafi týnt lífi á laugardaginn og minnst þrettán í gær. Alls hafa meira en 370 látist af völdum flóða frá því að monsún-tímabilið hófst í maí, langflestir síðustu daga.

Flóðin í héraðinu er þau verstu í heila öld en viðbúnaðarstigið var lækkað í gær og er ekki lengur á hæsta stigi. Indverski herinn segir í tilkynningu að hann hafi bjargað rúmlega 23 þúsund manns á síðustu dögum og að um tvö þúsund þeirra hafi þurft á læknismeðferð að halda.

Ekki er vitað hversu miklar skemmdir hafa orðið af völdum flóðanna en það verður ekki ljóst fyrr en vatnsyfirborðið hefur lækkað enn frekar. Að sögn ráðamanna er þó talið að rúmlega 80 þúsund kílómetrar af vegum þarfnist lagfæringar í kjölfar flóðanna.

Þá hafa um 20 þúsund heimili og stór ræktarlönd eyðilagst. Um fjögur þúsund hjálparmiðstöðvar hafa verið settar upp víðs vegar um héraðið. Nú verður lögð áhersla á að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta borist með vatni. **– sar**



Sjálfboðaliðar dreifa matvælum á flóðasvæðunum í gær. NORDICPHOTS/GETTY

# 20% AFSLÁTTUR!

## ALLAR NÝJAR NÁMSBÆKUR

# SKIPTIBÓKA BÓNUS! +400 kr.

Penninn Eymundsson
Smáralind, Kringlan, Hallarmúli, Austurstræti, Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Húsavík, Vestmannaeyjar.
KT:560109-0670 VSK:100269

**VÖRUSKIL**

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|
| **SKIPTIBÓKABÓNUS** | | |
| **+ 400** kr. fyrir hverja bók | | |
| Stærðfræði | 1 stk. | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1 stk. | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Samtals kr. | | 4.720(+800) |
| Inneignarnóta - | | 5.520 |

Fyrir hverja bók sem þú skilar færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin




FYRIR HVERJA SKIPTIBÓK SEM ÞÚ SKILAR
FÆRÐU **400 KRÓNUR Í BÓNUS!**

# LÝKUR Í DAG!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

400 kr. bónus og 20% af nýjum námsbókum gildir til og með 20. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

# Lögmaður í Hvíta húsinu veitir Mueller upplýsingar um samskiptin við Trump

**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sendi frá sér fjölmörg tíst um fréttir af málinu og bæði staðfesti þær og kallaði falsfréttir í sama tísti. Beðið er niðurstöðu kviðdóms í fyrsta sakamálinu sem Mueller höfðaði vegna rannsóknarinnar.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti heldur áfram að ráðast gegn bandarískum fjölmiðlum með ásökunum um falsfréttir. Forsetinn birti nokkur tíst á Twitter í gær um frétt The New York Times um samráð eins æðsta lögmanns Hvíta hússins við rannsóknarteymi Roberts Mueller, sérstaks saksóknara sem rannsakar meint Rússatengsl við kosningabaráttu Trumps og meint ólögmæt afskipti Rússa af forsetakosningunum 2016.

Kallaði forsetinn fréttina falsfrétt en staðfesti í sama tísti að samráð lögmannsins hefði verið í fullu samráði við sig. Í næsta tísti sagði forsetinn líf fjölmargra hafa verið eyðilögð vegna rannsóknar Muellers. Um McCarthyisma af verstu sort væri að ræða og fjölmiðlarnir væru verstir. Í næsta tísti kallaði hann meinta falsfréttamiðla óvini fólksins.

Í frétt The New York Times, sem vakti þessi viðbrögð hjá forsetanum, segir frá því að Donald F. McGahn II, einn af æðstu lögmönnum Hvíta hússins, hafi veitt rannsóknarteymi Muellers sem rannsakar meðal annars meintar ólögmætar aðgerðir forsetans vegna rannsóknarinnar, ítarlegar upplýsingar um samskipti sín við forsetann á lykilstundum í málinu, meðal annars í tengslum við brottrekstur James B. Comey, fyrrverandi yfirmanns alríkislögreglunnar og tilraunir hans til að reka Mueller sjálfan úr starfi sérstaks saksóknara.

Viðtöl lögmannsins við rannsakendur eru sögð hafa varað samtals í yfir 30 klukkustundir í nokkrum viðtölum á undanförnum níu mánuðum. Í upphafi leit lögmaðurinn svo á að hann væri að fara eftir þeirri línu sem lögfræðingateymi forsetans hafði lagt, það er að segja, að vinna með rannsakendum, enda hefðu þeir talið að forsetinn hefði ekkert að fela.

Hins vegar berast misvísandi fregnir af því hversu sáttur forsetinn er við umfang samskipta lögmannsins við rannsóknarteymið. Í frétt The New York Times er forsetinn sagður hafa upphaflega trúað því að McGahn myndi eingöngu veita upplýsingar sem persónulegur lögmaður forsetans og því ekki gefa neinar upplýsingar sem skaðað gætu forsetann.



Donald F. McGahn hefur verið í lögfræðingateymi forsetans í nokkur ár. Hér er hann á leið á fund í Trump Tower eftir kosningarnar 2016. NORDICPHOTS/GETTY

**» Viðtöl McGahns við rannsakendur er sögð hafa staðið samtals í meira en þrjátíu klukkustundir.**

Sjálfur hefur lögmaðurinn sagt að skyldur hans gagnvart forsetaembættinu sjálfu séu æðri en skyldur hans við sitjandi forseta.

Frá því Mueller tók við rannsókninni í maí síðastliðnum hafa fjórir Bandaríkjamenn verið ákærðir, allir með einhver tengsl við kosningabaráttu Trumps eða stjórnsýslu hans í Hvíta húsinu; þrettán rússneskir borgarar, tólf rússneskir leyniþjónustumenn og fleiri.

Niðurstöðu í fyrsta málinu er að vænta í dag í máli fyrrverandi kosningastjóra Trumps, Pauls Manafort, en beðið er niðurstöðu kviðdóms um sekt eða sakleysi Manaforts sem ákærður er fyrir fjársvik og fleiri brot.

Einnig er von á niðurstöðu dómara um refsingu yfir George Papadopoulos sem játaði fyrstur samstarfsmanna forsetans að hafa átt ólögleg samskipti við Rússa í starfi sínu sem sérstakur ráðgjafi í kosningabaráttu Trumps. Robert Mueller fer fram á að hann verði dæmdur í allt að sex mánaða fangelsi.

adalheidur@frettabladid.is




ORMSSON

# Sparidagar

## fyrir heimilin í landinu

Standa nú sem hæst!




**Tefal**

Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 28 ár. Það köllum við meðmæli.

## AEG

### Þvottavélar og þurrkarar




**SAMSUNG**

Þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, frysti- og kæliskápar á SPARIDAGAVERÐI



**SAMSUNG**




UE65MU6275UXXC
Ultra HD / Stærð: 65“ - 163cm / 3840 x 2160 / Curved / Motion Rate: 100 / PQI: 1400 / HDR

**Verð áður kr. 269.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 199.900,-**

**SAMSUNG**




UE65MU6655UXXC
Ultra HD / 65“ - 163cm / 3840 x 2160 / Curved / Motion Rate: 200 / PQI: 1700 / HDR

**Verð áður kr. 299.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 239.900,-**

**SAMSUNG**

SAUE55LS003AUXXC

Takmarkað magn 5 stk.



THE FRAME

4K ULTRA HD TV

**SAMSUNG SJÓNVARP 55 FRAME TV / HDR smart**
Frame UHD / 55“ - 138cm / 3840 x 2160 / Motion Rate: 200 / PQI: 2100

**Verð áður: 249.900,-**
**SPARIDAGAVERÐ: 189.900,-**

**Pioneer** hljómtækjastæða
PIX-EM26-B



CD, Útvarp 20 stöðva minni, Loftnet, Audio-In, MP3 stuðningur, Hljómstillir, USB tengi.

**Verð áður kr. 25.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 18.900,-**

**SANGEAN**
vrn. SGWR-11 WALNUT



**FM/AM útvarp**
Faánlegt í viðarlit / Silfur eða svart
Innbyggt loftnet / Hátalari 3”: 7W RMS
Aux inngangur / Tengi fyrir heyrnartól

**Verð áður: 22.900,-**
**Sparidagaverð: 16.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



# Fjör á Menningarnótt

Feiknastemning og stuð var á Menningarnótt á laugardaginn. Yfir eitt hundrað þúsund manns heimsóttu miðborgina á meðan á hátíðinni stóð í styttri eða skemmri tíma að mati lögreglunnar sem þurfti að hafa talsverð afskipti af fólki þótt þar hafi ekki verið um að ræða neitt stórvægilegt. Dagskráin var fjölbreytt að vanda og ekki spillti fyrir að sól skein í heiði og vindar létu lítt á sér kræla.










FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Vitleysisgangur



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Íslenskir stjórnmálamenn hafa hin síðustu ár ekki átt ýkja mikinn kost á því að baða sig í aðdáun landsmanna, þar sem hún hefur verið í algjöru lágmarki. Ætla mætti að metnaðarfullir stjórnmálamenn myndu ekki fórna höndum í uppgjöf vegna fremur aums hlutskiptis síns heldur leitast við að snúa viðhorfinu til betri vegar. Það gera þeir vitanlega best með því að vinna þannig að sómi sé að. Því miður er sumum þeirra það gjörsamlega um megn.

Í umræðu um stjórnmálamenn sem valda ekki verkefnum sem þeim hafa verið falin hlýtur hugurinn að leita til borgarfulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur. Borgarbúar, sem kusu þá til starfa fyrr á þessu ári, hafa örugglega gert ráð fyrir því að þessir fulltrúar þeirra sæju sér fært að sinna starfi sínu og nýta orku sína í þágu góðra verka. Nú er ljóst að borgarfulltrúar, bæði í meirihluta og minnihluta, ráða engan veginn við þetta sjálfsagða verkefni. Þeir eyða ómældum tíma í að bera hver annan alls kyns sökum og orð eins og „einelti“, „leki“ og „trúnaðarbrestur“ koma þar mjög við sögu. Hvert tilfinningalegt upphlaupið rekur annað hjá borgarfulltrúum sem virðast ófærir um að sýna sjálfstjórn. Vitleysisgangur þessa fólks nær hámarki þegar það vill leiða umræðuna út í það hvort ákveðinn borgarfulltrúi hafi ullað á einn borgarfulltrúa minnihlutans eða tvo. Borgarbúar fylgjast furðu lostnir með og hljóta að velta því fyrir sér hvort allt þetta vanstillta fólk eigi eitthvert erindi í stjórnmál og hvort það sé virkilega fært um að taka yfirvegaðar ákvarðanir er varða hag Reykvíkinga. Ástæða er til að efast um það.

Borgarfulltrúarnir virðast vera í krónísku tilfinningauppnámi vegna þess að þeim er gert að sitja saman á fundum í Ráðhúsinu. Þar neyðast þeir til að eiga samskipti, sem eru þeim nánast óbærileg. Ekki virðist hvarfla að þeim að það sé valkostur í stöðunni að bíta á jaxlinn frekar en að góla um fólsku pólitískra andstæðinga. Þessi ítrekuðu neyðarköll rata vitanlega í fjölmiðla sem gera þeim góð skil og „fórnarlömbin“ eru æði dugleg að mæta í viðtöl og tíunda raunir sínar.

Ekki bjuggust margir svo sem við því að meirihluta og minnihluta borgarstjórnar myndi semja sérlega vel, en fæstir hafa örugglega séð fyrir að gagnkvæm andúð myndi leiða þá út í það öngstræti sem þeir eru nú komnir í. Borgarfulltrúarnir eru orðnir að athlægi og hafðir að háði og spotti, ekki bara um allan bæ heldur allt land. Með afar heimskulegri framkomu hafa þeir gjaldfellt sig á skömmum tíma.

Málið er ekki verulega flókið, það snýst bara um að hegða sér sómasamlega á vinnustað. Það tekst hinum venjulega borgara yfirleitt ágætlega á sínum vinnustað, þótt þar starfi fólk sem hefur ekki sömu skoðanir á málum og hann. Borgarfulltrúar, sem eiga að vera sómasamlegir fulltrúar kjósenda, ættu að taka sér vinnandi fólk til fyrirmyndar og reyna að haga sér skikkanlega. Þeir voru kosnir til þess en ekki til að verða sér hvað eftir annað til háborinnar skammar.

**Í umræðu um stjórnmálamenn sem valda ekki verkefnum sem þeim hafa verið falin hlýtur hugurinn að leita til borgarfulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur.**

Halldór




## Frá degi til dags

**Fortíðin hreinsuð eftir tvö ár**
Í frétt á vef RÚV um helgina segir frá niðurstöðum rannsóknar sem sögð er sýna að hér á landi séu minnstar líkur á því í samanburði við hin Norðurlöndin að fangar lendi aftur í fangelsi eftir afplánun. Norrænar rannsóknir um endurkomutíðni í fangelsi eru hins vegar vægast sagt villandi um þessi efni enda miðast þær við að maður sem fer í fangelsi telst ekki endurkomufangi nema minna en tvö ár séu frá því hann var áður í fangelsi. Þannig telst sá sem kemur aftur í fangelsi eftir þrjú ár úti vera að koma í fyrsta skipti í fangelsi, þrátt fyrir að hafa jafnvel lokið afplánun tíu ára dóms fyrir nokkrum árum.

**Mælikvarðinn á gæði kerfisins**
Tölur um endurkomur í fangelsi þurfa að vera áreiðanlegar enda gefa þær bestu vísbendinguna um hvort það beri yfir höfuð einhvern árangur að fangelsa fólk og hvort þeir sem fara í fangelsi hér á landi komi aftur út sem betri menn. Sá sem sem fer í fangelsi hér á landi með þriggja ára hléum er tæplega að bera fangelsum landsins fagurt vitni. Sú betrun sem boðið er upp á í íslenskum fangelsum hefur lengi verið gagnrýnd enda í algeru skötulíki. Fjölmiðlar ættu að rýna með gagnrýnni hætti í tölur sem boðið er upp á um endurkomur í fangelsi.
**adalheidur@frettabladid.is**

# Menntastefna og færniþörf efnahagslífsins



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Íslenska menntakerfið er gott en við viljum gera það enn betra. Vinna er hafin við mótun nýrrar menntastefnu til ársins 2030 sem mun setja í forgang þær áskoranir sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í mennta-, atvinnu- og velferðarmálum. Þetta verkefni er unnið í breiðu samráði og nú í haust fer af stað fundaröð, úti um allt land, þar menntakerfið okkar og ný menntastefna verður til umfjöllunar.

Menntamál snerta okkur öll og fólki er umhugað um menntakerfið sitt. Hagsæld framtíðarinnar grundvallast að miklu leyti á gæðum menntunar. Örar tækniframfarir eins og aukin nýting gervigreindar í atvinnulífinu krefjast þess að menntakerfið okkar geti tekist á við breytingar. Íslenskt samfélag er kjörið til þess að fást við þessar áskoranir, þar sem tæknibreytingar gagnast oft fámennum samfélögum þar sem tæknin hefur verið nýtt til að einfalda og auka skilvirkni mannaflsfrekra atvinnugreina. Til þess að nýta tækniframfarir verður þekkingargrunnurinn að vera öflugur og tilbúinn að takast á við breytta tíma.

Vinna er hafin við að meta færni- og menntunarþörf á Íslandi. Ekki er hægt að spá með mikilli nákvæmni um framtíðina en við getum hins vegar undirbúið okkur fyrir hana. Þessi vinna er okkur mikilvæg og getur kortlagt betur samspil atvinnulífs og menntakerfis og stuðlað að því að þau vinni betur saman. Sífellt fleiri ríki heims átta sig nú á mikilvægi þess að sýna aukna framsýni í stefnumótun ólíkra málaflokka. Afar brýnt er að mótun menntastefnu til ársins 2030 taki mið af færniþörf efnahagslífs framtíðarinnar.

Stjórnvöld hafa sannarlega metnað til að efla menntakerfið okkar. Við mótun nýrrar menntastefnu munum við rýna í þau gögn, rannsóknir og tölfræði sem fyrir liggja og einnig horfa til þess sem best hefur reynst í löndunum í kringum okkur. Það er brýnt að stefnumótun byggi ávallt á bestu þekkingu hverju sinni – þannig tryggjum við að menntakerfið sé samkeppnishæft og þjóni best þörfum nemenda sinna og samfélagsins í heild.

**Örar tækniframfarir eins og aukin nýting gervigreindar í atvinnulífinu krefjast þess að menntakerfið okkar geti tekist á við breytingar.**

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni


• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.
Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kulnun og maraþon

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég þekki fólk sem hefur upplifað kulnun í vinnu. Ég skal viðurkenna að mér fannst skrítið að heyra af þessu ástandi fyrst. Það passaði ekki alveg í hausnum á mér. Um er að ræða afskaplega duglegt fólk með sitt á hreinu og ofurklárt í sínu fagi. Svo frétti ég semsagt þetta: Það var komið í leyfi. Það gat ekki unnið meira. Vinnan var orðin óbærileg. Vinnuumhverfið niðurdrepandi. Allur sýnilegur tilgangur með vinnuálaginu var fokinn út í veður og vind.

Ég held að flestir þekki fólk sem hefur kulnað í vinnu, ef það hefur ekki einfaldlega kulnað í vinnu sjálft. Nýjustu upplýsingar gefa til kynna að þetta ásigkomulag sé að verða sífellt algengara. Æ fleiri sækja sér aðstoð vegna kulnunar. Maður þarf í raun ekki að kafa lengi í sitt eigið sálarlíf til þess að uppgötva hvernig kulnun gæti átt sér stað. Oft hefur maður í gegnum tíðina fundið þessar tilfinningar í vinnu: Tilgangsleysi. Doða. Yfirþyrmandi leiða. Óbærilegt álag. Ef sú líðan yrði viðvarandi, en ekki bara tímabundin, myndi kulnun blasa við.

**Að þekkja mörkin**

Undanfarið hefur verið keyrð í fjölmiðlum ákaflega þörf auglýsingaherferð út af kulnun. Þar er því beint til fólks að það eigi að þekkja mörk sín. Jafnvel hetjur keyra sig út í starfi, er sagt. Það er hverju orði sannara. Hetja eða ekki hetja. Það gildir einu. Málið snýst ekki um, held ég, hvort viðkomandi manneskjur séu klárar, hæfar eða duglegar í vinnu. Málið snýst frekar um það, að einmitt klárar, hæfar, duglegar, samviskusamar manneskjur hætta að sjá tilgang með streði sínu. Lífið missir litina. Þannig að, já, þetta er líklega rétt, en hitt finnst mér aftur umdeilanlegra: Þekktu þín mörk, segir í auglýsingunni. Er það fyllilega sanngjörn beiðni?



**Annar fókus**

Ég er ekki frá því að viðureignin við kulnun sé mun fremur spurning um að samfélagið, vinnumarkaðurinn, læri að þekkja mörk vinnandi fólks. Hver er krafa fólks í dag og hvað vill það fá út úr lífinu? Hvernig hefur sú krafa breyst? Starfskraftur á vinnustað sem þekkir sín mörk og er síendurtekið að segja fólki frá þeim mörkum er ekki líklegur – og þetta er kalt mat – til þess að skapa sér miklar vinsældir samstarfsfólks eða vinnuveitanda. Þannig er menningin. Það eru afskaplega fáir í þeirri stöðu í vinnu sinni að geta sagt öðrum að nú sé komið gott í dag, og að nú sé mál til komið að fara heim og gera eitthvað skemmtilegt með börnunum. Fara í sund. Skreppa í Húsdýragarðinn. Þrýstingur flestra vinnustaða er algjörlega í hina áttina. Mættu, vertu, ekki væla. Við erum öll að streða hérna, manneskja.

Fókusinn í auglýsingunni er því ekki alveg réttur, finnst mér. Ég er langt í frá sérfræðingur í málinu en ætla þó að kasta pælingum í púkkið: Mér sýnist hafa myndast gjá milli væntinga fólks til lífsins annars vegar og gildanna sem enn ríkja á vinnumarkaði hins vegar. Fjölskyldufólk er ekki reiðubúið lengur að fórna uppvaxtarárum barna sinna í það að ná einhverjum rosalegum árangri í vinnunni, jafnvel fyrir ókunnuga gaura úti í bæ sem græða á puðinu. Jafnvel hin göfugustu störf, þjónustuverk í almannaþágu eða leit að lækningu við krabbameini, geta kafnað í botnlausum leiðindum vegna starfsmannamála, tilætlunarsemi annarra eða ósanngjarnrar yfirstjórnar. Allt í einu fara sólarhringarnir að einkennast af vanlíðan. Það sem hefur breyst er þá semsagt þetta: Fólk er ekki lengur reiðubúið að eyða drjúgum hluta ævi sinnar í vanlíðan í vinnunni. Til hvers? Vinnan er ekki lengur númer eitt.

> Kannski þarf atvinnulífið að verða meira eins og Reykjavíkurmaraþon. Þar tekst fólk á við alls konar mismunandi áskoranir, vegalengdir, á eigin forsendum, miðað við eigin getu og áhuga.

**Hvað er til ráða?**

En samt þarf að vinna. Það þarf að lækna, kenna, búa til hluti, þjónusta fólk, uppgötva, skemmta og skeina. Það er mikilvægt að störfum sé sinnt af metnaði. Hvernig fólk vinnur vinnuna sína getur haft úrslitaáhrif á gæði lífsins fyrir afskaplega marga. Hin gamla, rótgróna krafa um að fólk fórni sér, fjölskyldu sinni, sálarheill og heilbrigði fyrir vinnuna er hins vegar úrelt. Hvað er þá til ráða? Ég held að það þurfi auglýsingaherferð í kjölfarið á hinni þar sem skorað er á vinnuveitendur að kynna sér mörk starfsfólksins. Svo þarf að gjörbreyta atvinnulífinu. Kannski þarf atvinnulífið að verða meira eins og Reykjavíkurmaraþon. Þar tekst fólk á við alls konar mismunandi áskoranir, vegalengdir, á eigin forsendum, miðað við eigin getu og áhuga. Fólk leggur sig allt fram og það sem meira er, það er hvatt áfram af alls konar fólki á hliðarlínunni, en ekki drepið niður. Niðurstaðan er ótrúleg: Samanlagt hljóp fólk á laugardaginn, í alls konar formi, 176.994 kílómetra. Það er ríflega fjórum sinnum umhverfis jörðina.

**VW Tiguan Allspace** Comfortline+ 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn / Sjö sæta / Dráttarbeisli

**Besta Hekluverðið 6.990.000 kr.**

Fullt verð: 7.635.000 kr.

Afsláttur

**645.000 kr.**

Volkswagen






FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

## Nýr Volkswagen á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Volkswagen hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. **Tryggðu þér Volkswagen á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

**VW Passat GTE** Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**

**Besta Hekluverðið**

**4.690.000 kr.**



**VW T-Roc** 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn

**Besta Hekluverðið**

**4.490.000 kr.**



85 **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd


ÚRVAL ÚTSÝN
GÓÐA FERÐ MEÐ ICELANDAIR
AFÞREYINGARKERFI OG ÞRÁÐLAUST NET UM BORÐ
MARRAKESH 27.–31. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 118.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga.
VALENCIA 10.–14. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 97.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga.
TAMPA ST. PETE 2.–10. DESEMBER
VERÐ FRÁ 127.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 9 daga.
HALIFAX 4.–8. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 119.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga.
LIVERPOOL 11.–14. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 79.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
BRIGHTON 20.–23. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 69.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
SAN FRANSISCO 12.–17. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 148.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 6 daga.
GLASGOW 8.–11. NÓVEMBER
VERÐ FRÁ 67.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
DUBLIN 26.–29. OKTÓBER
VERÐ FRÁ 98.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.



ICELANDAIR
FLEIRI HAUSTFERÐIR Á UU.IS
AÐVENTUFERÐ
HAMBORG 29. NÓV. – 2. DES.
VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
AÐVENTUFERÐ
BRUSSEL 29. NÓVEMBER – 2. DESEMBER
VERÐ FRÁ 88.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
AÐVENTUFERÐ
BERLIN 30. NÓVEMBER – 2. DESEMBER
VERÐ FRÁ 79.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 3 daga.
AÐVENTUFERÐ
DUBLIN 30. NÓVEMBER – 3. DESEMBER
VERÐ FRÁ 69.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.
AÐVENTUFERÐ
STRASSBORG 6.–10. DESEMBER
VERÐ FRÁ 148.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga.
ERTU MEÐ HÓP?
ÚRVAL ÚTSÝN HEFUR ÁRATUGA REYNSLU AF SKIPULAGNINGU BORGARFERÐA BÆÐI FYRIR EINSTAKLINGA OG HÓPA. BJÓÐUM EINNIG UPP Á SÉRSNIÐNAR BORGARFERÐIR FYRIR STÓRA OG SMÁA HÓPA.
FÁÐU TILBOÐ Í ÞINN HÓP HJÁ HOPAR@UU.IS
NÁNAR Á URVALUTSYN.IS
OG HJÁ FERÐARÁÐGJÖFUM Í SÍMA 585 4000
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGI | 585 4000 | UU.IS



Stiven Tobar Valencia brýst hér framhjá varnarmanni sænska liðsins í úrslitaleik liðanna á Evrópumótinu í handbolta sem leikinn var í gær. MYND/EHF

# Svekktur og sáttur á sama tíma

**Heimir Ríkharðsson, þjálfari U-18 ára liðs karla í handbolta, sem hlaut silfurverðlaun á Evrópumótinu í gær, segir að leikmenn liðsins séu margir framarlega í sínum aldursflokki og þeir hafi sýnt það í verki á mótinu.**

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta skipað leikmönnum 18 ára og yngri tapaði fyrir Svíþjóð, 32-27, í úrslitaleik á Evrópumótinu sem fram fór í Króatíu. Eftir sveiflukenndan fyrri hálfleik, þar sem Svíar höfu leikinn betur og íslenska liðinu óx svo ásmegin eftir því sem á leið, var staðan jöfn í hálfleik. Seinni hálfleikur var jafn framan af, en leikmenn Svía höfðu þó frumkvæðið og fóru að lokum með fimm marka sigur af hólmi.

Heimir Ríkharðsson, þjálfari liðsins, var svekktur þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir leikinn. Hann vildi þó heldur einblína á þá fjölmörgu jákvæðu punkta sem hægt væri að taka úr mótinu öllu en tapið í úrslitaleiknum. Sem keppnismaður væri hann að sjálfsögðu súr með tapið, en þegar heildarmyndin væri skoðuð ættu menn að fara ánægðir heim.

„Við byrjuðum þennan leik illa, en sýndum svo karakter að koma okkur inn í leikinn. Við gerðum hins vegar of mörk tæknimistök í upphafi seinni hálfleiks og það var enginn sem náði að taka af skarið og leiða aðra endurkomu. Því fór sem fór, en ég er ofboðslega sáttur við spilamennsku leikmanna í þessum leik og frammistöðuna á mótinu í heild sinni,“ sagði Heimir um úrslitaleikinn.

„Þegar litið er yfir leiki okkar á mótinu þá eru margir leikmenn sem eru að bæta sig heilmikið og liðsheildin var algerlega frábær. Varnarmennirnir okkar þrír í miðri vörninni voru geggjaðir, Stiven Valencia stóð sig vel bæði í hlutverkinu sem við fólum honum í varnarleiknum og í sóknarleiknum. Viktor Gísli Hallgrímsson varði á löngum köflum frábærlega og Haukur Þrastarson vakti verðskuldaða eftirtekt fyrir frammistöðu sína. Varnarleikurinn var frábær á mótinu og sóknarleikurinn gekk smurt og ég er ánægður með það,“ sagði Heimir.

„Mér finnst margt líkt með þessu liði og því sem varð Evrópumeistari í þessum aldursflokki undir minni stjórn árið 2003. Þar voru leikmenn á borð við Arnór Atlason, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Björgvin Pál Gústavsson sem síðan voru burðarásar í A-landsliðinu í fjölmörg ár. Nú verða þessir leikmenn sem við eigum núna að vera þolinmóðir og leggja hart að sér. Það eru margir leikmenn hér sem hafa alla burði til þess að ná langt, þeir eru hins vegar ungir og eiga fjölmargt eftir ólært. Þeir eiga að mínu mati að halda kyrru fyrir heima næstu misserin og öðlast meiri reynslu með því að leika í Olís-deildinni,“ sagði Heimir um framhaldið hjá lærisveinum sínum.

## Leikmenn og þjálfarar liðsins eiga hrós skilið fyrir frammistöðu sína

„Það hefur verið algjörlega frábært að fylgjast með þeim og þó svo að það sé alltaf svekkjandi að tapa úrslitaleik þá er árangur þeirra stórkostlegur. Þeir hafa spilað heilt yfir mjög góðan varnarleik á mótinu og einkar vel útfærðan sóknarleik.

Heimir Þór Ríkharðsson og hans teymi hafa innleitt aga og skynsemi í sóknarleikinn og það var mjög gaman að sjá hvað hann var taktískt góður og vel upp lagður. Þeir eru að gera svipaða hluti og við erum að gera hjá A-landsliðinu og þjálfararnir eiga hrós skilið fyrir hversu vel „drillaðir“ leikmenn eru í sínum hlutverkum bæði í vörn og sókn.

Markvarslan var líka heilt yfir mjög góð á mótinu og gaman að sjá hvað Viktor Gísli Hallgrímsson er orðinn öflugur. Haukur Þrastarson fór svo fyrir liðinu í sóknarleiknum og hann er orðinn mjög þroskaður og góður leikmaður,“ segir Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari A-landsliðsins, um frammistöðu liðsins á mótinu.

„Það er kærkomið fyrir mig að sjá hversu langt þessir leikmenn eru komnir og hversu vel þeir standa í sínum aldursflokki. Það má hins vegar ekki gleyma því að það er langur vegur frá því að gera góða hluti með U-18 ára liðinu og að geta gert sig gildandi með A-liðinu. Þar þurfa menn að fá 30-40 leiki til þess að slípa sinn leik og hlaupa af sér hornin ef svo má segja. Þetta gefur hins vegar klárlega góð fyrirheit fyrir framtíðina og sýnir að framtíðin er björt í íslenskum handbolta.

Nú verða leikmenn eins og Viktor og Haukur sem hafa verið að spila stórt hlutverk með meistaraflokksliðum hér heima bara að vera þolinmóðir. Að mínu mati ættu þeir að halda sig heima þar sem þeir eru í góðu umhverfi og Haukur að spila stórt hlutverki í liði sem fór alla leið í úrslit síðasta vor. Mér finnst ekki liggja á að þeir fari utan að spila,“ segir Guðmundur um framhaldið hjá leikmönnum íslenska liðsins.



> Þegar litið er yfir leiki okkar á mótinu þá eru margir leikmenn sem eru að bæta sig heilmikið og liðsheildin var algerlega frábær.
>
> Heimir Ríkharðsson

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

| | |
|---|---|
| **ÍBV - Keflavík** | **1-0** |
| 1-0 Sigurður Arnar Magnússon (4.). | |
| **KA - KR** | **0-1** |
| 0-1 Kennie Knak Chopart (67.) | |
| **Grindavík - Stjarnan** | **2-2** |
| 1-0 Aron Jóhannsson (40.), 1-1 Kristian Jajalo (sjálfsmark) (57.), 2-1 Guðjón Baldvinsson (86.), 2-2 William Daniels (90.). | |
| **Fylkir - FH** | **1-1** |
| 0-1 Cédric D'Ulivo (32.), 1-1 Valdimar Þór Ingimundarson (47.). | |

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 34 | KA | 22 |
| Stjarnan | 32 | ÍBV | 22 |
| Valur | 32 | Víkingur | 18 |
| KR | 27 | Fylkir | 16 |
| FH | 24 | Fjölnir | 15 |
| Grindavík | 24 | Keflavík | 4 |

**Inkasso-deild karla**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - Haukar** | **5-0** |
| **ÍR - ÍA** | **0-2** |
| **HK - Þór** | **4-1** |
| **Magni - Leiknir R.** | **0-1** |
| **Fram - Njarðvík** | **0-0** |

**Inkasso-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| **Aftureld./Fram - Fjölnir** | **2-1** |
| **Hamrarnir - ÍR** | **2-3** |



Haukur Þrastarson lék á als oddi á Evrópumótinu í Króatíu. MYND/EHF

## Haukur valinn maður mótsins

**HANDBOLTI** Selfyssingurinn Haukur Þrastarson var valinn besti leikmaður Evrópumóts karla 18 ára yngri í handbolta sem lauk í Króatíu gær. Ísland komst í úrslit, en laut þar í lægra haldi fyrir Svíþjóð, 32-27. Haukur skoraði fjögur mörk í úrslitaleiknum, en Eiríkur Guðni Þórarinsson var markahæstur hjá íslenska liðinu í leiknum með sjö mörk.

Akureyringurinn Dagur Gautason var valinn í úrvalslið mótsins, en KA-maðurinn knái lék afar vel á mótinu í Króatíu. Það verður gaman að fylgjast með honum í Olís-deildinni á næsta tímabili, en KA-menn verða nýliðar í deildinni á komandi keppnistímabili.

Haukur skoraði alls 47 mörk á mótinu og var markahæstur hjá íslenska liðinu og þriðji markahæsti maður mótsins. Svíinn Ludvig Hallbäck varð markakóngur með 56 mörk. – **iþs**

# Fólk
Heimili

MÁNUDAGUR 20. ÁGÚST 2018



„Glugginn í eldhúsinu er minn griðastaður og uppáhaldshluti heimilisins. Hann er stór og bjartur og búinn góðri sessu sem notalegt er að sitja á,“ segir Áslaug Guðrúnardóttir, markaðs- og kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur. MYND/ERNIR

# Griðastaður á heimilinu

Bjartur og fallegur eldhúsglugginn er í uppáhaldi hjá Áslaugu Guðrúnardóttur, markaðs- og kynningarstjóra Listasafns Reykjavíkur. Þar fer hún yfir málin með eiginmanni sínum og fylgist með börnum sínum að leik. ➜2

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Vinnudagurinn er oft annasamur en um leið fjölbreyttur og skemmtilegur hjá Áslaugu Guðrúnardóttur, markaðs- og kynningarstjóra Listasafns Reykjavíkur. Henni þykir því notalegt að slaka á eftir langan dag með því að sitja í glugganum í eldhúsinu þar sem hún getur bæði rætt við eiginmann sinn og fylgst með börnunum að leik. „Glugginn í eldhúsinu er minn griðastaður og uppáhaldshluti heimilisins. Hann er stór og bjartur og búinn góðri sessu sem notalegt er að sitja á. Þarna sit ég gjarnan þegar eiginmaðurinn er að elda matinn og við náum að fara aðeins yfir atburði dagsins og það sem er fram undan. Mér þykir gaman að fylgjast með honum elda og ekki síst þegar yngsti aðstoðarkokkurinn á heimilinu er í stuði með honum. Ég sit þarna full þakklætis yfir að þurfa ekki að gera þetta sjálf! Þá er leiksvæði krakkanna í götunni hér beint fyrir utan og það er gaman að fylgjast með þeim úr glugganum.“

## Gegnir ólíkum hlutverkum

Glugginn er líka mikið notaður þegar gestir mæta til þeirra. Þá er fordrykkur ósjaldan drukkinn í glugganum og í námunda við hann, segir Áslaug. „Hann er líka orðinn mælikvarði á vöxt og þroska yngstu dótturinnar, sem tókst að klifra upp í hann hjálparlaust án þess að nota stól, um daginn. Þá var hún mjög montin.“

Gluggans er einnig hægt að njóta utan frá, því á stéttinni fyrir framan hann er hvergi betra veður þegar sólin lætur sjá sig. „Þá sitjum við gjarnan þar og horfum á rósirnar okkar. Ég þyrfti bara að láta setja í hann opnanlegt fag svo hægt sé að rétta veitingar beint út



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun

úr eldhúsinu á sólpallinn.“

## Þykir vænt um flest

Aðspurð um aðra muni eða hluta heimilisins sem henni þykir vænt um segist hún hafa gengið í gegnum hreinsunareld hins mínímalíska lífsstíls. Því sé ekkert á heimilinu sem henni þykir ekki vænt um, nema hugsanlega ljóskastararnir í loftinu. „Mér þykir sérstaklega vænt um hluti sem tengjast mömmu minni sem lést langt fyrir aldur fram. Þar má nefna rjúpurnar tvær, aðra eftir Guðmund frá Miðdal og hina eftir Kjarval. Einnig má nefna gömlu bollastellin hennar ömmu og marga hluti sem við höfum sankað að okkur á ferðalögum. Málverkið eftir Þorvald Skúlason er í uppáhaldi, enda hefur það skapað miklar umræður hjá ungum sem öldnum og hreint ekki allir sammála um að það eigi að vera sýnilegt. Ég var til dæmis beðin um að hylja það fyrir tíu ára afmælisveislu dóttur minnar um daginn. Þá þykir mér afar vænt um standlampann minn sem ég nurlaði saman fyrir, fyrir 25 árum eða svo.“

## Eiga annað heimili

Hún segir þau hjónin ekki hyggja á neinar stóra breytingar á heimilinu á næstunni. „Við eigum annað heimili vestur á Flateyri, gamalt hús sem við erum að gera upp, svo framkvæmdir hér hafa setið á hakanum og krafturinn og peningarnir hafa farið vestur.“

Hana dreymir þó um að endurgera eldhúsið, opna það meira fram og endurnýja gólfið á jarðhæðinni. „Við brugðum á það ráð að mála gamla parketið sem hér er gult, sem hefur gert merkilega góða hluti, en í samhengi við eldhúsframkvæmdirnar vildi ég gjarnan endurnýja gólfið líka. En ég held að það verði nokkur bið á þessu, við gerðum heilmikið fyrir húsið þegar við keyptum það, dýpkuðum kjallarann og gerðum innangengt í hann. Einnig settum við nýjan stiga upp á 2. hæð og endurgerðum baðherbergið. Það sem liggur fyrir næst af smærri framkvæmdum er kannski helst að útvega yngstu dótturinni skrifborð og stól í herbergið sitt.“

## Nánd í götunni

Hún kann vel við sig í póstnúmeri 101 og segir fjölmarga kosti fylgja því að búa þar. „Þetta er eins og að búa í litlu þorpi þar sem þú mætir sama fólkinu dag eftir dag. Í því felst fegurðin, fyrir utan öll skrýtnu og skemmtilegu húsin á öllum aldri. Þú sérð alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi ef þú gefur umhverfinu gaum.“

Einnig sé stór kostur að geta farið fótgangandi í vinnuna og sótt flesta þjónustu í göngufæri. Haðarstígurinn, þar sem við búum, hefur líka mikla sérstöðu í borginni. Hún er vistgata og hér leika krakkarnir sér allan liðlangan daginn og fram á kvöld. Ferðamenn og aðrir borgarbúar njóta þess að rölta hér um og nágrannarnir eru hver öðrum betri. Það er mikil nánd í götunni, sannkölluð hverfisstemming, eins og í kringum 17. júní þegar við setjum langborð niður eftir götunni, skreytum hressilega með fánum og borðum saman.“



Gluggans er einnig hægt að njóta utan frá, því á stéttinni fyrir framan hann er hvergi betra veður þegar sólin lætur sjá sig, segir Áslaug. MYNDIR/ERNIR



Rjúpa eftir Guðmund frá Miðdal, áður í eigu móður Áslaugar.

> Þetta er eins og að búa í litlu þorpi þar sem þú mætir sama fólkinu dag eftir dag. Í því felst fegurðin, fyrir utan öll skrýtnu og skemmtilegu húsin á öllum aldri.



Málverk eftir Þorvald Skúlason sem er í uppáhaldi hjá Áslaugu og hefur oft skapað líflegar umræður.



Gulmaðra úr Borgarfirðinum. Á vegg er rjúpumynd eftir Kjarval sem var áður í eigu móður Áslaugar. Úr lofti hangir fílaórói frá Indlandi.

## Margt í boði

Fram undan eru skemmtilegir mánuðir í Listasafni Reykjavíkur að sögn Áslaugar. „Við höldum áfram að laða fólk til Einskismannslandsins, stórrar sýningar sem tekur yfir bæði Hafnarhús og Kjarvalsstaði. Þar er hægt að ferðast um hálendi Íslands með augum myndlistarmanna, frá upphafsmönnum málaralistar og ljósmyndunar allt til samtímalistamanna sem vinna í mjög ólíka miðla.“

Á Kjarvalsstöðum er fyrirhuguð sýning á verkum Haraldar Jónssonar sem spannar feril hans og í Hafnarhúsinu eru fjölmargar sýningar í farvatninu. „Erró snýr aftur eftir sumarleyfi með mjög sérstaka sýningu sem ég held að eigi eftir að koma fólki á óvart. Þar setjum við líka upp einkasýningu á verkum Ingólfs Arnarsonar svo eitthvað sé nefnt.“

Ásmundarsafn er svo gimsteinn Listasafns Reykjavíkur að hennar sögn enda segir hún smástund þar fylla hvern mann ró og friði. „Við höfum fengið fjóra samtímalistamenn til að gera innrás í sýninguna sem þar stendur yfir og á Menningarnótt opnuðum við þriðju sýninguna af fjórum með verkum Matthíasar Rúnars Sigurðssonar.“


LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.

**Helstu námsgreinar:**

- Helstu viðkomustaðir ferpamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

**Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.**

**Umsögn:** Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og virðingu sem okkur ber að sýna í því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.

**Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.**



Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

OPIÐ 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Fasteignablaðið

34. TBL. MÁNUDAGUR 20. ÁGÚST 2018

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala – á traustum grunni


Bogi Pétursson lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali


Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali


Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir skrifstofustjóri


Ragnar Þorgeirsson viðskiptafræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



MIÐBORG fasteignasala

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
+354 695 8905
elin@midborg.is



## Flúðasel 91 – 41,9 m

Opið hús á morgun, fimmtudag. 23.08. kl. 17:30 – 18:00






- Skráð skv. ÞÍ 105,8 fm
- Þvottahús innan íbúðar
- 3 svefnherbergi 
- Endurnýjað eldhús
- Endurnýjað baðherbergi
- Blokkin sprunguviðgerð og máluð í ár - kostnaður á seljanda
- Skipt um þakjárn og rennur í ár - kostnaður á seljanda
- Endurnýjað gler og gluggar íbúðarinnar (2015)
- Stæði í upphitaðri bílageymslu (ekki inn í skráðum fermetrum)

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími: 533 4800
www.midborg.is




Húsið er stórglæsilegt og útsýnið stórbrotið.

# Glæsieign á Ægisíðu

Húsið er 450 fermetrar auk tveggja bílskúra og heildarfermetrafjöldi því 504,9.

Húsið skiptist í kjallara, tvær hæðir og rishæð. Í dag er húsið notað sem einbýlishús með sér íbúð á jarðhæð, en auðvelt er að skipta því upp í þrjár íbúðir.

**1. hæð:** Komið inn í anddyri, tvær stofur eru til suðurs með svölum. Baðherbergi og opið rými.

**2. hæð:** Stórt hol, stórt eldhús, stofa/borðstofa, svefnherbergi, vinnuherbergi, stórt þvottahús og baðherbergi.

**3. hæð:** Stórt hjónaherbergi, fataherbergi, svefnherbergi, stofa, baðherbergi, sauna og þaksvalir.

**Kjallari:** 3ja herbergja íbúð með sér inngangi. Þrjár geymslur og þvottahús.

Garðurinn er vel skipulagður með heitum potti.

Heildareignin hefur verið endurnýjuð á mjög vandaðan hátt að utan og innan á síðastliðnum 10 árum. Einstök staðsetning og ótrúlegt útsýni.

Nánari upplýsingar veita: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson löggiltur fasteignasali, s. 864-5464, gudlaugur@eignamidlun.is, eða Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali, s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is


Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Hringbraut 113 - 101 Reykjavík




Opið hús í dag mán. frá kl. 16:30 til 17:00

51,2 m2 íbúð á þriðju hæð við Hringbraut 113 í Reykjavík.

Eignin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi og baðherbergi.

V. 28,9 m.

## Flétturimi 10 - 112 Reykjavík



Opið hús í dag mán. frá kl. 17:00 til 17:30

74,8 m2, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með timburverönd.

Eignin skiptist í stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Sér afnotaflötur er meðfram vesturhlið íbúðarinnar, 3 m út frá húsi.

V. 37,9 m.

## Nönnubrunnur 1 - 113 Reykjavík




Opið hús í dag mán. frá kl. 17:30 til 18:00

Mjög falleg 122,3 m2, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með 31,4 m2 sérafnotafleti og bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Gólfhiti.

Fallegar sérsmíðaðar innréttingar frá Fagus.

V. 49,9 m.

## Laxatunga 169 – 270 Mos.




Nýtt einbýlishús Nýtt glæsilegt 342 m3 einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr innst í botnlagna. Eignin er skráð 342 m2, einbýli 282 m2 og bílskúr 60 m2. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Eignin skiptist í stofu, borðstofu, sjónvarpshol, eldhús, fjögur svefnherbergi, þrjú baðherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr. V. 119,7 m.

## Grenibyggð 24 - 270 Mos.



Mjög fallegt 171 m2 parhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og bílskúr. Tvær timburverandir. Stórt hellulagt bílaplan. Mikil lofthæð er í húsinu sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. V. 69,9 m.

## Stórikriki 31 - 270 Mos.



Glæsilegt 199,7 m2 einbýlishús á einni hæð. Eignin er skráð 199,7 m2, einbýli 165,4 m2 og bílskúr 34,3 m2 og skiptist í stofu/borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, tvö baðherbergi og þvottahús. V. 92,9 m.

## Blikahöfði 7 - 270 Mosfellsbær




Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg og vel skipulögð 116,4 m2, 4 herb. endaíbúð á efstu hæð með sér inngangi og glæsilegu útsýni, ásamt 27,6 m2 bílskúr. Svalir í suðvestur með glæsilegu útsýni. Mjög stutt er í skóla og leikskóla, sund og World Class, Golfvöllur Mosfellsbæjar í næsta nágreni. V 52,9 m.

## Dalbraut 1 - 105 Reykjavík




Opið hús þri.21. ágúst frá kl. 17:30 til 18:00

57,4 m2, 2ja herb. íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi, ásamt 25,9 m2 bílskúr. Íbúðin skiptist í svefnh., stofu, gang, eldhús og bað.. Sérgeymsla á jarðhæð. Góð staðsetning miðsvæðis. Stutt í alla þjónustu. V. 36,9 m.

## Rauðamýri 1 – 270 Mosfellsbær




Opið hús þri. 21. ágúst frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg 96,7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með bílastæði í bílageymslu og timburverönd í lyftuhúsi. Eignin skiptist í stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Sérgeymsla í kjallara. V. 44,9 m.

## Lofnarbrunnur 26 - 113 Reykjavík




Opið hús mið. 22. ágúst frá 17:00 til 17:30

155,0 m2 raðhús á tveimur hæðum í byggingu við Lofnarbrunn 26 í Reykjavík. Um er að ræða 155,0 m2 miðjuraðhús á tveimur hæðum með bílskúr og er skráð á byggingarstig 4 samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Húsið er steypt með steyptum stiga á milli hæða. V. 56,9 m.

## Hamratangi 15 - 270 Mosfellsbær



Vel staðsett 267,8 m2 einbýlishús á einni hæð. Eignin er skráð 267,8 m2, íbúð 194,7 m2, garðstofa 22,8 m2, bílskúr 50,3 m2. Einnig er til staðar 32,6 m2 sólskýli sem ekki er skráð í fermetratölu. Stórt bílaplan er fyrir framan húsið með snjóbræðslu og gönguleið að húsi, meðfram að austanv. og aftan að sunnanv.. V. 108,5 m.

FASTEIGNASALAN **TORG**

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG  Garðatorgi 5  210 Garðabær  www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| | | |
|---|---|---|
| Hafdís | Fasteignasali | 820 2222 |
| Sigurður | Fasteignasali | 898 6106 |
| Dórothea | Fasteignasali | 898 3326 |
| Þorsteinn | Fasteignasali | 694 4700 |
| Jóhanna Kristín | Fasteignasali | 837 8889 |
| Árni Ólafur | Fasteignasali | 893 4416 |
| Berglind | Fasteignasali | 694 4000 |
| Jón Gunnar | Fasteignasali | 848 7099 |
| Sigríður | Fasteignasali | 699 4610 |
| Hrönn | Fasteignasali | 692 3344 |
| Hólmgeir | Lögmaður | 520 9595 |
| Þóra | Fasteignasali | 822 2225 |
| Þorgeir | Fasteignasali | 696 6580 |
| Lilja | Fasteignasali | 663 0464 |
| Hafliði | Fasteignasali | 846 4960 |

## Ásbúð 57 210 Garðabæ

**VERÐ: 84.900.000**









**OPIÐ HÚS mánudaginn 20. ágúst kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 252,4 m²



Gott 7 herbergja raðhús á tveimur hæðum, tvöföldum bílskúr og góðum suður garði með stórum timburpalli. Alls er húsið skráð 252,4fm þar af um bílskúr á jarðhæð um 41-42fm með tveimur bílskúrshurðum. Á jarðhæð er einnig forstofa, rúmgott barnaherbergi, geymsla, þvottaherbergi, gesta salerni, sauna með sturtu og fjölskyldu- og sjónvarpsherbergi. Á efri hæð er aðalrými með eldhúsi, borðstofu og stofu og svo 4 herbergi og baðherbergi. Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Húsið er með hellulagaðri heimkeyrslu og fallegum garði með stórum timbursólpalli sem snýr til suð-suðvesturs.

**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm:** 898 6106

## Ögurás 10 210 Garðabæ 89.900.000







**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 21. ágúst kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 200.4 m²

Fallegt og mjög gott endaraðhús á tveimur hæðum með bílskúr og góðum garði með heitum potti, útisturtu, aflokuðum veröndum og skjólveggjum á þessum vinsæla stað í Ásahverfi Garðabæjar. Um er að ræða gott fjölskylduhús með sérsmíðuðum innréttingum, góðri lofthæð, gólfhita á neðri hæð, 4 svefnherbergjum, sjónvarpsholi og rúmgóðu eldhúsi. Eignin er skráð skv F.M.R 200,4fm og þar af er bílskúr 28,5fm.Gott fjölskylduhús á eftirsóttum stað.

**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Álfatún 29 200 Kópavogi 46.900.000







**OPIÐ HÚS mánudaginn 20. ágúst kl 18.30-19.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 102,9 m²

Mjög rúmgóð og björt íbúð á þessum eftirsótta stað í Kópavoginum neðst við Fossvogsdalinn. Frábært útsýni og óbyggt svæði fyrir framan hús. Eigninni fylgir opið bílastæði í skjóli undir svölum. Svefnherbergi eru 3 og þvottaherbergi er innan íbúðar. Húsið er fallega hannað og hefur fengið gott viðhald m.a er búið að skipta um járn á þaki og verið er að klára að taka hús í gegn að utan, múrviðgera og mála einnig var skipt um alla gróðurkassa í húsinu og trégrindum og er það gert á kostnað seljanda.

**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Bergþórugata 27 101 Reykjavík 42.900.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 21. ágúst kl 18.30-19.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 78,7 m²

EIGNIN ER Í ÚTLEIGU OG LEIGUSAMNINGUR ER TIL OKT 2018 Falleg og björt 4ra herbergja íbúð með frábæru útsýni m.a út á sjó og að Esjunni. Um er að ræða íbúð í fjölbýlishúsi á þriðju hæð. Eignin er skráð skv F.M.R 78,7fm. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð m.a eldhúsinnrétting og gólfefni. Suðursvalir er út frá stofu og 3 svefnherbergi. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Steinás 13 210 Garðabæ 109.000.000







**OPIÐ HÚS mánudaginn 20. ágúst kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 258,9 m²

Frábært einbýlishús innst í botnlanga á einstaklega góðum stað í Ásahverfinu í Garðabæ. Stórglæsilegur garður umlykur húsið, gróinn og fallegur. Í eigninni eru fimm svefnherbergi og tvö baðherbergi. Baðherbergin voru bæði endurnýjuð árið 2017 á glæsilegan hátt. Af efri hæð hússins næst glæsilegt útsýni í suður og vestur yfir á Álftanesið og hraunið. Húsið hefur fengið sérlega gott viðhald og er almennt í góðu ástandi..

**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm:** 694 4000

## Rauðagerði 16 108 Reykjavík 64.900.000







**OPIÐ HÚS mánudaginn 20. ágúst kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 162,7 m²

Falleg 4ra herb.hæð i þríbýli með sér inngangi og bílskúr. Tvennar svalir. Eignin er með þremur svefn.herb., möguleiki fjórða herb. hluta úr stofu. Endurnýjuð þakefni, nýlega lagt dren og rafmagnstafla endurnýjuð. Baðherbergi endurnýjað, með tengi f.þvottavél og þurrkara. Eldhús endurnýjað. Nýlagt harðparket á mest alla íbúðina og nýtt teppi á stiga. Einnig sameiginlegt þvottahús í sameign.

**Upplýsingar veitir Uppl. Dórothea fasteignasali í gsm:** 898 3326

## Svöluás 1 221 Hafnarfirði 39.500.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 20. ágúst kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 89,3 m²

Falleg og vel skipulögð 3ja herb íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu fjölbýlishúsi í Ásahverfi Hafnarfjarðar. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og geymslu innan íbúðar en einnig er sér geymsla sem fylgir í sameign og sameiginleg hjóla og vagna geymsla.

**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Logafold 154 112 Reykjavík 97.500.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 21. ágúst kl. 17:30 -18:00**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 285.8 m²

Mjög fallegt einbýli á frábærum skjólsælum stað í Grafarvogi. Húsið er frábært fjölskylduhús með 5 svefnherbergjum sem eru rúmgóð með mikilli lofthæð. Stutt er í skóla, leikskóla, íþróttamiðstöð, sundlaug og skíðabrekku. Húsið er nýmálað að utan og er vel við haldið. Garðurinn er stór og gróinn með timburverönd sem snýr í suður, ásamt heitum potti. **Upplýsingar veitir Hafliði fasteignasali í gsm:** 846 4960

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 - 2017


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu við Naustavör og Lund í Kópavogi. - Leitið upplýsinga á skrifstofu.

### *Krókháls – 624 fm. skrifstofuhúsnæði / 469 fm. atvinnuhúsnæði*



- Mjög gott 623,6 fm. skrifstofuhúsnæði á 3. hæð, götuhæð Krókhálsmegin, í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F. Malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða og gott athafnasvæði.
- Mjög gott 469,0 fm. atvinnuhúsnæði á 3. hæð, götuhæð Krókhálsmegin, í lyftuhúsi að Krókhálsi 5G. Möguleiki er að setja tvær góðar innkeyrsludyr í húsnæðið en í dag eru tvær inngöngudyr. Malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða og gott athafnasvæði.

**Möguleiki er að sameina þessa tvo eignarhluta og opna á milli þeirra.**

### *Sólvallagata 59. Einbýlishús í vesturborginni.*




**Eignin verður til sýnis nk. fimmtudag, frá kl. 17.15 – 17.45**

Fallegt og vel skipulagt 230,7 fm. einbýlishús á þremur hæðum í vesturborginni. Mögulegt væri að gera aukaíbúð í kjallara hússins. Aðalhæð hússins er með aukinni lofthæð. Þrjár samliggjandi stofur. Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Geymsluris er yfir húsinu og er það manngengt að hluta. Eign sem hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald.

**Eignin stendur á rólegum stað á 370,8 fm. lóð með hellulagðri stétt fyrir framan hús, stórri hellulagðri innkeyrslu á austanverðri lóðinni og stórri tyrfðri flöt á lóð til suðurs.**

**Verð 109,5 millj.**

### *Kópavogsbraut – Kópavogi. Efri hæð „penthouse“ Tvennar þaksvalir.*





Virkilega glæsileg 212,0 fm. efri hæð "penthouse" með tvennum 40 fm. þaksvölum og einstöku útsýni í vönduðu og klæddu fjórbýlishúsi auk 30,8 fm. bílskúrs. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Allar fastar innréttingar eru af gerðinni HTH frá Bræðrunum Ormsson og öll tæki af gerðinni AEG. Aukin lofthæð er í eigninni og gólfsíðir gluggar að hluta. Tvö sér bílastæði fylgja eigninni á lóð hússins.

**Eignin er á allri efstu hæð hússins og frá henni nýtur óviðjafnanlegs útsýnis yfir sjóinn, yfir Álftanes, Bláfjöllin og austur að Hengli.**

**Verð 99,5 millj.**

### *Langalína – Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð á efstu hæð. Tvennar svalir.*





- Virkilega glæsileg og vönduð 151,1 fm. íbúð á 3. hæð með tvennum svölum til suðurs og norðausturs, að meðtalinni 10,6 fm. sér geymslu. Sér stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Aukin lofthæð er í stofu og gólfsíðir gluggar.
- Húsið er byggt árið 2016 og flutt var inn í íbúðina og lögð á hana gólfefni í ágúst 2017.
- Eignin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, þvottahús, 2 barnaherbergi, stórt hjónaherbergi með fataherbergi, sjónvarpsrými, tvennar svalir til suðurs og norðausturs.

**Verð 89,9 millj.**

### *Þórðarsveigur 4. 4ra herbergja endaíbúð.*






**Eignin verður til sýnis á morgun þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Björt og vel skipulögð 102,8 fm. endaíbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu með rúmgóðum svölum til suðurs og útsýni til norðurs í lyftuhúsi í Grafarholti. Stofa sem rúmar vel setustofu og borðstofu. Þrjú svefnherbergi, öll með skápum. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu. Gengið inn í íbúðir af opnum svölum. Góð leiktæki á sameiginlegri lóð.

**Staðsetning eignarinnar er afar góð og stutt er í leikskóla og grunnskóla.**

**Verð 44,9 millj.**

### *Dofraborgir. Frábær staðsetning.*



- Mjög gott 197,0 fm. vel skipulagt og frábærlega staðsett einbýlishús á einni hæð á 892,0 fm. gróinni lóð. Fallegt útsýni til suðvesturs út á sundin og yfir borgina.
- Húsið teiknaði Jakob Líndal arkitekt og sá Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt um hönnun á lóð.
- Húsið stendur við autt svæði frá baklóð með glæsilegu útsýni og í næsta nágrenni við höggmyndagarð Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara.
- Aukin lofthæð er yfir flestum rýmum og herbergjum. Gólfsíðir gluggar.
- Húsið er steinsteypt og með álklæðningu. Stór verönd til suðvesturs og heitur pottur með skjólgirðingu.

### *Fannborg 5 – Kópavogi. 2ja herbergja íbúð – laus strax.*




**Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**

67,5 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi við Fannborg 5 í Kópavogi. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. hefur eldhús verið endurnýjað sem og baðherbergi, innihurðar og öll gólfefni. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

**Frábær staðsetning þar sem öll þjónusta er í göngufæri. Hús að utan er nýlega sprunguviðgert og málað í ár og lítur mjög vel út. Aðkoma er góð og næg bílastæði.**

**Verð 32,9 millj.**

### *Hverafold. 3ja herbergja íbúð með yfirbyggðum svölum.*



Mjög falleg 93,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu við Hverafold í Grafarvogi. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgóð stofa sem rúmar vel borðstofuborð. Snyrtilegt eldhús með gluggum til vesturs og góðum borðkrók. Tvö góð herbergi. Útsýnis nýtur til vesturs, út á Grafarvoginn og yfir miðborgina.

**Vel skipulögð íbúð í Foldahverfi í Grafarvogi. Stutt í grunnskóla og í útivistar- og íþróttasvæði.**

**Verð 41,2 millj.**

### *Klapparstígur. 3ja herbergja íbúð á tveimur efstu hæðum.*



Falleg 106,9 fm. íbúð á tveimur efstu hæðunum, 4. og 5.hæð, auk sérstæðis í bílageymslu. Möguleiki væri að stúka af fleiri svefnherbergi á efri hæð. Útgengi úr stofu á efri hæð á stórar svalir til vesturs með glæsilegu útsýni út á Sundin að Snæfellsnesi og yfir miðborgina.**Hentugt fyrir þá sem vinna í miðbænum eða fyrir þá sem vilja leigja út til ferðamanna. Möguleiki er að kaupa aðra íbúð, 2ja herbergja í sama húsi á 3. hæð.Um er að ræða fallega íbúð með glæsilegu útsýni á afar vinsælum stað í miðborg Reykjavíkur. Í göngufæri við allt það besta sem borgarlífið hefur upp á að bjóða.**

**Verð 54,9 millj.**

### *Grenimelur. 3ja herbergja íbúð í vesturbænum.*



90,0 fm. íbúð með mjög góðri lofthæð á þessum eftirsótta stað við Grenimel í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er þó nokkuð endurnýjuð m.a. eldhús að hluta, baðherbergi, gólfefni að hluta og raflagnir og töflu. Tvö góð herbergi. Eldhús með ljósri innréttingu. Gróin falleg lóð með fallegum gróðri og hellulögnum.

**Sérinngangur er í íbúðina. Húsið að utan er búið að steina allt uppá nýtt og flota tröppur.**

**Verð 40,6 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

## SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali



**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093



**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882



**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098

## BJARKARGATA 2
## 101 REYKJAVÍK







Höfum fengið í sölu glæsilegt 298,3 fm einbýlishús með bílskúr við Bjarkargötu í Reykjavík. Húsið skiptist m.a. í þrjár samliggjandi stofur, borðstofu, eldhús, þrjú herbergi, skrifstofurými og tvö baðherbergi. Í kjallara er ósamþykkt íbúð með sér inngangi. Úr stofum er gengið út á pall. Svalir frá efri hæð. Mikil lofthæð. Húsið er teiknað af Einari Erlendssyni. Einstök staðsetning skammt frá Reykjavíkurtjörn.
**Nánari uppl.: Sverrir Kristinsson lg.fs. s. 861 8514. V. 149 m.**

## ÆGISÍÐA 78
## 107 REYKJAVÍK







Um er að ræða heila húseign við Ægisíðu 78 (504,9 fm). Heildareignin hefur verið endurnýjuð á mjög vandaðan hátt að utan og innan á sl.10 árum. Einstök staðsetning og ótrúlegt útsýni.Húsið skiptist í kjallara, tvær hæðir og rishæð. Í dag er húsið notað sem einbýlishús með sér íbúð á jarðhæð, en auðvelt er að skipta því upp í þrjár íbúðir. Garðurinn er vel skipulagður og hannaður með staðsetningu hússins í huga og vel hirtur með lokaðri verönd ásamt heitum potti (rafmagns). Einstakt útsýni er af öllum hæðum og þá sérstakelga af efstu hæðunum. **Nánari upplýsingar Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali, s. 824-9093, kjartan@eignamidlun.is**

## VATNSSTÍGUR 15
## 101 REYKJAVÍK







Glæsileg 217,5 fm íbúð á tveimur efstu hæðum við Vatnsstíg 15 í Skuggahverfinu.
Íbúðin er hin vandaðasta. Arinn í stofu. Fernar svalir. Mikið útsýni.
Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, þrjú herbergi, eldhús, tvö baðherbergi, fataherbergi og þvottahús.
Tvö stæði í bílageymslu. Eign í sérflokki.
**Nánari upplýsingar: Guðlaugur I. Guðlaugsson, lg.fs., s. 864 5464, gudlaugur@eignamidlun.is**
**V. 150 m.**

## BORGARTÚN 30B
## 105 REYKJAVÍK






Snyrtileg og rúmgóð 167 fm endaíbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Borgartún ásamt sér stæði í bílageymslu. Lyfta opnast beint inní íbúð. Íbúðin skiptist í anddyri, þvottahús, eldhús, borðstofur, tvær setustofur, tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi. Tvennar svalir. Íbúðin snýr í suðvestur.**Opið hús mánudaginn 20. ágúst milli kl. 17:15 og 17:45.**
**Nánari upplýsingar: Guðlaugur I. Guðlaugsson, lg.fs., s. 864 5464, gudlaugur@eignamidlun.is**
**V. 72,9 m.**

## SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 6B
## 101 REYKJAVÍK




Vel skipulögð og staðsett 84,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð við Skólavörðustíg. Fallegt útsýni. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. Eignin er einstaklega vel staðsett, stutt er í alla þjónustu s.s. matvörubúðir, verslanir, miðbæinn o.fl. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Nánari uppl.: Sverrir Kristinsson lg.fs. s. 861 8514.**
**Opið hús mánudaginn 20. ágúst 2018 milli kl. 17:30 - 18 :00**
**V. 44,9 m.**

## KRISTNIBRAUT 37
## 113 REYKJAVÍK




Mjög falleg 120,1 fm 4 herbergja íbúð á 2. hæð með miklu útsýni í góðu húsi. Stofa, borðstofa, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og þvottahús. Fallegt útsýni. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.
**Opið hús þriðjudaginn 21. ágúst milli 17:00 og 17:30.**
**Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096. V. 47,9 m.**

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957




# GRENSÁSVEGUR 11 — SÍMI 588 9090


**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
Sími 896 1168


**Alexander Ingi Kristjánsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 695 7700


**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096


**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar fasteignasala
Sími 661 6021


**Jenný Sandra Gunnarsdóttir**
Skrifstofustjóri


**Kamilla Björk Garðarsdóttir**
Skjalagerð


**Ásdís H. Júlíusdóttir**
Ritari


**María Waltersdóttir**
Móttökuritari

## KRISTNIBRAUT 89 113 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Falleg og vel skipulögð 131,3 fm 4 herb. íbúð á 2. hæð með glæsilegu útsýni norður og austur í litlu fjölbýlishús við Kristnibraut 89, Reykjavík. Með íbúðinni fylgir rúmgóður 28,4 fm bílskúr og er því eignin samtals 159,7 fm. Hiti í aðkomu að húsinu. Opið hús: Kristnibraut 89, 113 Reykjavík, Íbúð merkt: 01 02 01. **Eignin verður sýnd mánudaginn 20. ágúst 2018 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**
**V. 57,9 m.**

## VESTURTÚN 6 225 GARÐABÆR



141 fm endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið er einstaklega vel skipulagt og stendur það við óbyggt svæði. Þrjú svefnherbergi, rúmgott vel skipulagt eldhús. Mikið og gott skápapláss. Innangegnt í bílskúr. Stórar verandir, heitur pottur. Sjávarútsýni og göngufæri í íþróttahús, sundlaug, skóla leikskóla og bæði eru hesthús og reiðstígar í nánasta umhverfi.
**V. 68,9 m.**

## SUÐURHÓLAR 28 111 REYKJAVÍK



Suðurhólar 28, 43.2 fm íbúð á jarðhæð í góðu vel staðsettu fjölbýlishúsi sem lítur ágætlega út. Sérinngangur. Ágætar innréttingar. Sérverönd. Laus strax sölumenn sýna.
**V. 24,9 millj.**

## JÖRFABAKKI 32 109 REYKJAVÍK



107.0 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í góðu mikið endurnýjuðu og máluðu fjölbýli ásamt aukaherbergi í kjallara m. aðg. að snyrtingu. Ágætar innréttingar. Góðar svalir.
**V. 37,9 m.**

## ÓÐINSGATA 30 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða 122,3 fm 4 herbergja bakhús á þessum frábæra stað miðsvæðis í Reykjavík.
Eignin skiptist í forstofu/hol, 2 svefnherbergi, 2 stofur, eldhús, baðherbergi og íbúðarherbergi í kjallara.
**Opið hús þriðjudaginn 21. ágúst milli kl. 17:00 og 17:30.**
**V. 54,9 m.**

## FELLSMÚLI 4 108 REYKJAVÍK



58.3 fm 2 herb. íbúð á 1.hæð merkt 01-02 í góðu fjölbýlishúsi sem er að sjá í góðu standi STENI klæðning að utan. Búið að endurnýja drenlagnir og fl. Íbúðin er herb. eldhús, baðherb og stofa, sérgeymsla í kj. Snyrtileg sameign, laus strax.**V. 29,9 m.**

## HJALLAVEGUR 30 104 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Góð 3ja herbergja efri sérhæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er skráð 75,1 fm en óskráð loft er yfir íbúðinni, töluvert undir súð með ca 20 fm gólffleti og þremur gluggum. Stórar suðursvalir. Gott port er fyrir framan inngang íbúðar og sér bílastæði á lóð.
**Opið hús mánudaginn 20. ágúst 2018 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.**
**V. 38,7 m.**

## EYJARSLÓÐ 7 TIL LEIGU.



300 fm hæð við Eyjarslóð 7, 101 Rvk.
Glæsileg og mikið standsett efri hæð tilvalin fyrir flott fyrirtæki í langtímaleigu. Húsið er staðsett við sjávargarðinn í Örfirsey.

**Allar nánari upplýsingar gefur Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. leigumiðlari í síma 8249098 eða hilmar@eignamidlun.is**

## HVERFISGATA 58A OG B - FRAKKASTÍGUR 8C, D OG E.



OPIÐ HÚS
ÞRIÐJUDAGINN
21. ÁGÚST
KL 17 OG 18





**NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**
Erum með í sölu virkilega góðar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur.
Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.
Húsin munu tengjast skjólgóðum lokuðum garði. Bílastæði í bílageymslu fylgir hluta íbúða

## GERPLUSTRÆTI 31-37




OPIÐ HÚS
MÁNUDAGINN
20. ÁGÚST
KL 17:15 OG 18





**GERPLUSTRÆTI 31-37 ER NÝTT FJÖLBÝLISHÚS MEÐ LYFTU Í HELGAFELLSLANDI Í MOSFELLSBÆ.**
Íbúðirnar eru 4ra -5 herbergja og verður þeim skilað fullbúnum án gólfefna. Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðunum.
Við hönnun og skipulag á Gerplustræti var kappkostað við að láta húsin falla vel að umhverfinu og að skapa aðlaðandi og heildstæða byggð.

**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



# GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ

Spilaði rúman klukkutíma í jafntefli Aston Villa gegn Ipswich.



José Mourinho, knattspyrnustjóri Manchester United, kemur hér skilaboðum til Paul Pogba og annarra leikmanna sinna og stappar í þá stálinu í leik liðsins gegn Brighto

# Mikið mun mæða á Mourinho na

**Manchester United tapaði fyrir Brighton og búast má við að skap José Mourinho, knattspyrnustjóra liðsins, sem he batna við það. Maurizio Sarri hafði betur gegn Unai Emery í uppgjöri knattspyrnustjóranna sem báðir eru nýliðar**

**FÓTBOLTI** Maurizio Sarri og Unai Emery, sem tóku við stjórnartaumunum hjá liðunum Chelsea og Arsenal í sumar, fengu miserfið próf í upphafi keppnistímabilsins í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla. Á meðan Sarri fór með lærisveina sína hjá Chelsea til Huddersfield Town í fyrstu umferðinni og vann sannfærandi sigur fór Emery með pilta sína og atti kappi við ríkjandi meistara, Manchester City, og tapaði.

Þessir nýliðar í deildinni leiddu saman hesta sína á Stamford Bridge á laugardaginn og úr varð fjörugur leikur þar sem Sarri hafði vinninginn. Munaði þar ansi miklu um að Sarri gat leyft sér þann munað að geyma Eden Hazard á varamannabekknum framan af leik og spilað honum út sem trompi þegar leið á leikinn. Hazard hafði ekki verið lengi inni á vellinum þegar hann lagði upp sigurmarkið sem Marcus Alonso skoraði.

Eftir stendur að Chelsea er með fullt hús stiga á meðan Arsenal er enn að reyna að ná sínu fyrsta stigi í deildinni undir stjórn Emery. Eins og áður segir verður að virða Emery það til vorkunnar að próf hans í frumrauninni var mun þyngra og það var lítið sem skildi liðin að í þessum leik.

Matteo Guendouzi, franski miðvallarleikmaðurinn, var mun öflugri í þessum leik en gegn Manchester City og ýmis fleiri jákvæð teikn eru á lofti hjá Arsenal. Hjá Chelsea hefur Jorginho aðstoðað Sarri við að innleiða leikstíl sinn hjá liðinu og flýtt

### Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Chelsea vann Arsenal í Lundúnaslagnum og stuðningsmenn Chelsea mæta brosmildir í vinnuna í dag. Liðið er með fullt hús stiga eftir tvær umferðir og hveitibrauðsdagarnir ganga vel hjá Sarri. Arsenal er án stiga eftir tvær umferðir og Emery á eftir að snúa stuðningsmönnum liðsins á sveif með sér með jákvæðum úrslitum.

**Hvað kom á óvart?**
Brighton kom öllum nema mögulega sjálfum sér á óvart með því að hafa betur gegn Manchester United á nokkuð sannfærandi hátt.

**Mestu vonbrigðin**
Brasilíski sóknartengiliðurinn Kenedy olli vonbrigðum með því að í fyrsta að í fyrsta lagi spila illa gegn Cardiff City og í öðru lagi að bregðast liðinu á ögurstundu með því að brenna af vítaspyrnu sem hefði getað tryggt sigurinn.

því ferli að liðið geti með góðu móti skipt frá varnarsinnuðum leik undir stjórn Antonio Conte í leik þar sem rík áhersla er lögð á flæði í sóknarleiknum.

## Leikmaður helgarinnar




Sergio Agüero skoraði þrjú marka Manchester City sem rótburstaði Huddersfield Town með sex mörkum gegn einu í gær. Argentínski framherjinn er að hefja sína áttundu leiktíð með Manchester City og hefur nú skorað 146 mörk í 208 deildarleikjum fyrir liðið.

Þetta var níunda þrennan sem Agüero skorar í ensku úrvalsdeildinni og hann hefur þar af leiðandi skorað jafn margar þrennur og Robbie Fowler gerð á sínum tíma. Agüero vantar tvær þrennur til þess að komast upp að hlið Alan Shearer sem hefur skorað flestar þrennur í sögur deildarinnar.

Agüero sem hefur skorað 20 mörk eða meira síðustu fjögur keppnistímabil í deildinni byrjar þessa leiktíð vel, en þetta voru fyrstu deildarmörk hans á yfirstandandi leiktíð.

**Við fengum á okkur mark í öll þau skipti sem leikmönnum varð á í messunni. Við misstum svo niður sjálfsöryggið með hverjum mistökunum sem við gerðum og það sást á leikmönnum þegar leið á leikinn.**

José Mourinho

Harry Kane rauf álög sín hvað það varðar að koma boltanum í net andstæðinga sinna í ágústmánuði þegar hann skoraði eitt marka Tottenham Hotspur í 3-1-sigri liðsins gegn Fulham. Tottenham Hotspur sem voru töluvert gagnrýndir fyrir að kaupa engan leikmann í félagaskiptagluggganum láta engan bilbug á sér finna enn sem komið er og hafa borið sigurorð í báðum leikjum sínum í deildinni til þessa. Fulham sem er nýliði í deildinni kostaði aftur á móti miklu til í leikmannakaupum sínum í sumar og var það félag sem eyddi mestu í þeim glugga er hins



on í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# æstu daga

efur haft allt á hornum sér undanfarna daga muni ekki
í deildinni. Manchester City hefur titilvörnina með látum.

vegar án stiga eftir tvo leiki.

**Gylfi blómstrar í nýju hlutverki**
Gylfi Þór Sigurðsson átti afbragðs leik fyrir Everton sem vann nokkuð sannfærandi sigur gegn Southampton. Gylfi Þór nýtur sín afar vel í því hlutverki sem Marco Silva virðist ætla að fela honum í vetur, það er að leika fyrir aftan Cenk Tosun, framherja liðsins, og skapa færi fyrir Richarlison, Theo Walcott og aðra þá eldibranda sem koma inn á kantinn hjá liðinu.

Gylfi Þór skapaði að vanda mikinn usla með föstum leikatriðum sínum og svo virðist sem Silva hafi lagt ríka áherslu á þann þátt leiksins á undirbúningstímabilinu í sumar. Það var eftir eitt slíkt sem Everton komst á bragðið í leiknum, en þar léku Leigton Baines, Morgan Schneiderlin og Theo Walcott laglega fléttu sem Walcott rak smiðshöggið á.

Jóhann Berg Guðmundsson lagði upp mark Burnley sem tapaði fyrir Watfrod með þremur mörkum gegn einu.

Það verður líklega þungt yfir æfingu Manchester United í dag, en liðið tapaði fyrir Brighton með þremur mörkum gegn tveimur. José Mourinho mun líklega benda forráðamönnum liðsins á að hann hafi haft á réttu að standa þegar hann ræddi um mikilvægi þess að styrkja hjarta varnarinnar framan af degi og svo leita leiða til þess að lappa upp á samband hans við Paul Pogba síðdegis, en svo virðist sem afar stirt sé á milli þeirra félaganna.

„Fjölmiðlar og álitsgjafar eru vanalega mjög iðnir við kolann í gagnrýni sinni á mig þegar ég gagnrýni frammistöðu einstakra leikmanna minna svo ég vil biðja þig vinsamlegast um að leiða mig ekki í þá átt.

Ég ætla ekki að tala á neikvæðan hátt um leikmenn mína hér, en segi bara að við gerðum of mörg mistök og okkur var refsað fyrir þau. Stundum sleppur þú með skrekkinn eftir að hafa gert mistök, en það var ekki uppi á teningnum í þessum leik.

Við fengum á okkur mark í öll þau skipti sem leikmönnum varð á í messunni. Við misstum svo niður sjálfsöryggið með hverjum mistökunum sem við gerðum og það sást á spilamennsku leikmanna þegar leið á leikinn," sagði Mourinho í samtali við enska fjölmiðla eftir leikinn.

Öllu léttara verður yfir í bláa enda Manchester-borgar, en Manchester City rótburstaði Huddersfield Town, en þar lék Sergio Agüero og skoraði þrjú marka liðsins í 6-1-sigri. Ríkjandi meistarar ætla greinilega ekkert að slá af í titilvörn sinni. Þeir eru strax komnir á topp deildarinnar, en liðið hefur bestu markatöluna af þeim liðum sem hafa fullt hús stiga.

Umferðinni lýkur í kvöld með leik Liverpool og Crystal Palace á Selhurst Park, en bæði lið báru sigurorð af mótherjum sínum í leikjunum í fyrstu umferðinni. Liverpool vann sannfærandi sigur á West Ham United á meðan Crystal Palace lagði liðsfélaga Arons Einars Gunnarssonar hjá Cardiff City að velli.

**hjorvaro@frettabladid.is**






Listdansskóli Íslands

SKRÁNING HAFIN

Rafræn skráning fyrir haustönn 2018 er hafin á vef skólans **listdans.is**

**Sérstakur prufutími fyrir 2009 árganginn þriðjudag 21. ágúst kl. 17:00**

Eldri nemendur verða boðaðir í prufutíma með öðrum hópum skólans.

**Gæði - Fagmennska - Áratuga reynsla**

Nám við skólann hentar jafnt þeim er stefna á atvinnumennsku sem og þeim sem vilja tómstundamiðað nám í miklum gæðum.

Stofnað 1952 - Listdansskóli Íslands, Engjateig 1, S: 588 9188 - listdans@listdans.is

ÖBÍ

**Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur**

Styrkumsóknir haust 2018

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur og Öryrkjabandalag Íslands auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

**Styrkir eru veittir til:**

- Öryrkja vegna hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.
- Einstaklinga sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu fólks með þroskahömlun.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu ÖBÍ, obi.is. Einnig er hægt að nálgast eyðublöð á skrifstofu Öryrkjabandalags Íslands, Sigtúni 42, Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 16. september nk.**
Upplýsingar um styrkúthlutun liggja fyrir eigi síðar en 2. október. Allar nánari upplýsingar gefa Kristín Margrét Bjarnadóttir, kristin@obi.is, eða starfsmenn móttöku hjá ÖBÍ, mottaka@obi.is, og í síma 530 6700.

ENNEMM / SÍA / NM89355


Robert Plant er sjötugur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Merkisatburðir

**1898** Veitinga- og gistihúsið Valhöll er vígt á Þingvöllum.

**1906** Grettisbeltið fyrir sigur í glímukeppni er veitt í fyrsta sinn á Akureyri.

**1933** Fyrsta bílferðin fer yfir Sprengisand.

**1940** Winston Churchill heldur fræga ræðu þar sem hin frægu orð falla um að „aldrei hafi jafn margir átt jafn fáum jafn mikið að þakka“. Var hann þar að vísa til frammistöðu breska flughersins í orrustunni um Bretland.

**1948** Robert Plant, söngvari Led Zeppelin, fæddist á þessum degi og fagnar því sjötugsafmæli.

**1975** Ólafía Aðalsteinsdóttir klífur Mont Blanc fyrst íslenskra kvenna.

**2008** Flugvél Spanair ferst í flugtaki á flugvellinum í Madrid. Alls láta 154 lífið.


Eiginmaður minn, bróðir okkar, tengdasonur, mágur og frændi,

**Einar Ragnarsson**
Traunufer Arkade 10, Wels, Austurríki,

lést á Klinikum-sjúkrahúsinu í Wels mánudaginn 16. júlí. Útför hans fór fram frá Basilika Enns – St. Laurenz-kirkjunni í Enns í Austurríki laugardaginn 21. júlí. Minningarathöfn fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 24. ágúst klukkan 15.

**Claudia Glück Ragnarsson**
**Kristín Ragnarsdóttir** | **Arne Nordeide**
**Þórunn Ragnarsdóttir** | **Snorri Egilson**
**Málfríður Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Ragnarsson** | **Þóra Friðriksdóttir**
**og fjölskyldur**
**Hanna Glück**
**Andrea, Harry, Max og Ivy**
**Martina, Albert, Steffi, Florian og Chrisi**


Kær frænka okkar,

**Rósa J. Guðmundsdóttir**
fædd á Litla-Hamri, Eyjafjarðarsveit, Hrísalundi 14 b, Akureyri,

lést á Öldrunarheimilinu Hlíð 12. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Öldrunarheimili Akureyrar.

**Rósa María Tryggvadóttir**
**Anna Helga Tryggvadóttir**


Elskuleg frænka okkar,

**Guðný Baldvinsdóttir**
frá Grenjum,

sem lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi laugardaginn 11. ágúst, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.

**Systkinabörn hinnar látnu.**

# New Music For Strings kemur til Reykjavíkur

**Tónlistarhátíðin New Music For Strings fer fram í Reykjavík nú í vikunni. Auk þrennra tónleika verða haldnir fyrirlestrar og vinnustofur. Júlía Mogensen, sellóleikari og einn skipuleggjenda, segir hátíðina einstaka á sínu sviði. Pulitzer-verðlaunahafi tekur þátt.**

Þetta er þriðja árið sem þessi hátíð er haldin en hún kemur nú í fyrsta skipti til Íslands,“ segir Júlía Mogensen sellóleikari um tónlistarhátíðina New Music For Strings sem fram fer í Reykjavík í vikunni. Hátíðin hefur áður verið haldin í New York og Árósum.

Júlía kemur að skipulagningu hátíðarinnar hérlendis ásamt Þórunni Völu Valdimarsdóttur söngkonu, Gróu Margréti Valdimarsdóttur fiðluleikara og David Cutright tónskáldi sem er einn af listrænum stjórnendum hátíðarinnar.

„Þarna er verið að tengja saman Bandaríkin og Norðurlönd. Hátíðin var í Árósum í síðustu viku en nú koma listamennirnir til Íslands.“ Á hátíðinni verða flutt verk fyrir ýmsar gerðir strengjahljóðfæra en einnig koma fram klarínettleikari og söngkonur.

Meðal þeirra sem taka þátt eru Du Yun, sem er Pulitzer-verðlaunahafi í tónlist, en hún verður með vinnustofu í samvinnu við Pál Ragnar Pálsson. Þá mun Eugene Drucker, sem er einn af meðlimum hins þekkta Emerson kvartetts, koma fram.

„Ég held að þetta sé svolítið einstök hátíð á sínu sviði, alla vega hvað varðar samstarf tónskálda og strengjaleikara, en mörg þeirra eru jafnt flytjendur og tónskáld. Í því samhengi verður virkilega gaman og áhugavert að kanna þessi, oft óskilgreindu mörk sköpunar og túlkunar í nýrri músík, í raunverulegu samtali,“ segir Júlía.

Hún segir sum þessara verka sem flutt verða teygja sig inn fyrir aðrar listgreinar þannig að úr verði öðruvísi upplifun en fólk ætti að venjast innan hins hefðbundna klassíska ramma.

Auk þrennra tónleika verða haldnir fyrirlestrar í Listaháskólanum og vinnustofur þar sem meðal annars mastersnemar í tónsmíðum og flytjendur munu vinna saman.

sighvatur@frettabladid.is

### Tónleikar á New Music For Strings

| 22. ágúst kl. 9 | 23. ágúst kl. 18 | 24. ágúst kl. 20 |
|---|---|---|
| Opnunartónleikar í Mengi | Hátíðartónleikar í Hörpu | Lokatónleikar í Húsi Vigdísar |


Júlía Mogensen er meðal skipuleggjenda New Music For Strings. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞETTA GERÐIST: 20. ÁGÚST 1988

## Fyrsta Persaflóastríðinu lýkur eftir tæplega átta ára stríðsátök

Á þessum degi fyrir 30 árum, eða 20. ágúst 1988, var skrifað undir vopnahlé í fyrsta Persaflóastríðinu sem háð var milli Írans og Íraks. Stríðið stóð yfir í tæp átta ár eða frá því að Saddam Hussein, þáverandi forseti Íraks, lét her sinn ráðast inn í Íran þann 22. september 1980.

Eftir byltingu klerkanna í Íran 1979 óttaðist Saddam að sítar í Írak myndu rísa upp gegn sér. Langvarandi landamæradeilur ríkjanna voru einnig undir.

Íraska hernum gekk vel í byrjun en svo fór að halla undan fæti. Stríðið dróst á langinn án þess að víglínan færðist mikið úr stað. Stríðið einkenndist síðari árin af skotgrafahernaði.


Enn finnast jarðsprengjur úr stríðinu í landamærahéruðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Írakar nutu stuðnings og vopna frá Bandaríkjunum, Sovétríkjunum og Frakklandi auk flestra arabaríkjanna. Íran var aftur á móti að stærstum hluta einangrað.

Sameinuðu þjóðirnar höfðu milligöngu um friðarumleitanir en talið er að um hálf milljón hermanna og svipaður fjöldi óbreyttra borgara hafi látið lífið í stríðinu. Þegar stríðinu lauk höfðu landamæri ríkjanna ekkert breyst og hvorugur aðilinn greiddi stríðsskaðabætur.

Saddam Hussein leiddi síðar hersveitir sínar inn í nágrannaríkið Kúvæt í ágúst 1990 og var það kveikjan að öðru Persaflóastríði.

jeep.is






# VALDIR JEEP® Á TILBOÐSVERÐI

## JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

Jeep
THERE'S ONLY ONE

**JEEP® RENEGADE**
600.000 KR. AFSLÁTTUR
Tilboðsverð frá 3.790.000 kr.
Listaverð frá 4.480.000 kr.
með málmlit

**JEEP® COMPASS**
500.000 KR. AFSLÁTTUR
Verð frá 5.205.000 kr.
Listaverð 5.705.000 kr.

**JEEP® GRAND CHEROKEE SUMMIT SIGNATURE**
Tilboðsverð 11.930.000 kr.
Listaverð 12.930.000 kr.

**JEEP® CHEROKEE**
Aukahlutapakki að verðmæti 710.000 kr. fylgir með.
Verð 6.690.000 kr.
Listaverð m/aukahlutum 7.400.000 kr.

ramisland.is

# RAM 3500. NÝ SENDING VAR AÐ LENDA.





## TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.

**RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 5.960.000 ÁN VSK.**
**KR. 7.390.400 MEÐ VSK.**

RAM 3500 fæst með og án Aisin skiptingar og RAM boxa.
Bjóðum upp á 37" til 40" breytingar. 35" dekk fara beint undir án breytinga.
Bjóðum upp á ýmsar gerðir húsa og aukahluta.

## RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

RAM

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Sunnan 3-8 m/s og rigning, en skýjað á Norðaustur- og Austurlandi og stöku skúrir síðdegis. Hiti 9 til 17 stig, hlýjast á norðaustan-verðu landinu.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 10° |
| ↑ 1 | ↑ 3 | ↘ 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 10° | 7° |
| ↗ 2 | ↖ 3 | ↑ 4 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 6° | 8° |
| ← 3 | ↙ 4 | ← 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 10° | 7° |
| ↙ 3 | ← 3 | ↖ 2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | | 7 |
| | 2 | 4 | 7 | | | | | 6 |
| | 7 | | 4 | | | | 1 | |
| | | 6 | | | 7 | 2 | | |
| | 9 | 7 | | | 2 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 1 | 6 | | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| 3 | 6 | 1 | | 4 | | 5 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | 2 | 4 | | |
| | | | | | | | 5 | 9 |
| 3 | 8 | | 7 | 5 | | 2 | | |
| | | | 9 | | 1 | 5 | | 8 |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | | 4 | |
| 7 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | 8 | | 5 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 4 | 6 | | | 9 |
| | 3 | | 9 | | | | | 1 |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| 8 | | | | 7 | 2 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | 9 | 3 | | | | 2 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. snælda
5. auð
6. tveir eins
8. klaufska
10. friður
11. stormur
12. samstæða
13. ármynni
15. vín
17. snerill

**LÓÐRÉTT**
1. lífsspursmál
2. íþrótt
3. bergmála
4. nytjar
7. fitlari
9. steppa
12. árás
14. lyftist
16. píla




**LÁRÉTT: 1.** spóla, **5.** tóm, **6.** ff, **8.** ólagni, **10.** ró, **11.** rok, **12.** sett, **13.** árós, **15.** líkjör, **17.** snari. **LÓÐRÉTT: 1.** stórmál, **2.** póló, **3.** óma, **4.** afnot, **7.** fiktari, **9.** gresja, **12.** sókn, **14.** ris, **16.** ör.

## Skák Gunnar Björnsson

Bu Xiangzhi (2.710) átti leik gegn Magnusi Carlsen (2.822) á Heimsbikarmóti í skák.

**Svartur á leik**
**15...Bxh3! 16. gxh3 Dxh3 17. Rf1?! (17. Df3 Bxh2+ 19. Kxh1 Bg3+ hefði verið öruggara og leitt til jafnteflis). 17... He8 18. d4 f5!** Kínverjinn tefldi sóknina frábærlega og vann glæsilegan sigur.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.





Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu

LÍKA Á SUMRIN!

89%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring

*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. ÁGÚST

### Tónlist

**Hvað?** Hamell úti í garði!
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Langholtsvegi 62
Hamell on Trial lokar hringnum með tónleikum úti í garði á Langholtsvegi 62 í kvöld. Boðið verður upp á hratt og hrátt kassgítarrokk með votti af blús og pönki á hnífsoddi. Textarnir eru rándýrir, beroðir og drekkhlaðnir sótsvörtum húmor. Í stuttu máli, brjálað fjör! Það eru allir velkomnir en fólk er hvatt til að koma með eigin veigar og gott að grípa garðstól. Viðmiðunarupphæð frjálsra framlaga er 2.000 krónur sem renna óskiptar til listamannsins.

### Viðburðir

**Hvað?** Frá Seattle til Sanders: Lexíur fyrsta áratugarins
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Múltíkúltí, Barónsstíg 3
Saga róttækra vinstristjórnmála á Íslandi síðan um árið 2000 hefur verið viðburðarík. Má þar nefna mótmælin gegn Íraksstríðinu, deilurnar um Kárahnjúkavirkjun, Hrunið, Búsáhaldabyltinguna, fyrstu „hreinu vinstristjórnina“ og stórbyltingar í kvenréttindabaráttu. Róttæki sumarháskólinn og Andrými hafa laðað að sér fjölda fólks og nýjar stjórnmálahreyfingar s.s. Borgarahreyfinguna, Dögun og Pírata sem hafa náð áhrifum til skemmri eða lengri tíma. Er hægt að greina eitthvert samhengi eða þróun milli þessara atburða og draga af þeim lærdóm? Í þessari námsstofu verður reynt að svara þeirri spurningu með hliðsjón af alþjóðlegri þróun, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi.



Saga róttækra vinstristjórnmála á Íslandi frá 2000 er efni námsstefnu Róttæka sumarháskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hvað?** Leigjendur rísa upp
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgartúni 1
Fundur um hvernig leigjendur geta sameinast og myndað sterk samtök til að berjast fyrir öruggu og ódýru húsnæði fyrir alla. Rætt verður um stofnun sérstaks félags leigjenda hjá Félagsbústöðum, sérstök félög leigjenda hjá Heimavöllum og Almenna leigufélaginu og hvernig þessi félög geta komið fram sem samningsaðilar um leiguverð, leigutíma og önnur hagsmunamál leigjenda. Einnig verður rætt um styrkingu Samtaka leigjenda, en aðalfundur félagsins verður innan skamms, og hvernig leigjendur geta tryggt að rödd sín heyrist í samfélaginu. Áhugafólk um samtök leigjenda hjá einstökum félögum (til dæmis Brynju, húsfélagi Öryrkjabandalagsins) eða í einstökum byggðarlögum er hvatt til að koma og viðra hugmyndir sínar. Fundurinn hefst kl. 20 mánudagskvöldið 20. ágúst í Borgartúni 1, 2. hæð (gengið inn sjávarmegin).

**Hvað?** Samstöðuvaka fyrir langreyðar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hvalfirði
„Stattu með okkur á mánudagskvöld á fyrstu samstöðuvökunni á vegum Reykjavík Whale Save!“ segir í tilkynningu. „Jafnvel þó að ólíklegt sé að verið sé að búta niður hval á þeim tíma sem samstöðuvakan er þá er samt mikilvægt að mæta og bera vitni fyrir utan starfsemi sem ber ábyrgð á svona mikilli grimmd, og til að beina sjónsviði fólks á þennan ofbeldisfulla og óréttmæta iðnað. Dýraréttindabaráttukonan Dani Rukin frá Bandaríkjum Norður-Ameríku mun vera með okkur og deila rauntíma myndböndum á samfélagsmiðla undir dýraréttindastöðinni „JaneUnChained News“ sem er með um milljón fylgendjur, til að hafa viðtæka umfjöllun um málið, svo því fleiri sem mæta því betra!“

### Námskeið

**Hvað?** Kizomba Salsaceland
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Sólon Bistro
SalsaIceland býður upp á ókeypis prufutíma fyrir byrjendur í kizomba kl. 20.30-21.00 og eftir það verður dansað kizomba til kl. 23.00 á Sólon. Þetta er frábært tækifæri til að athuga hvort byrjenda eða 2. stigs námskeiðið í kizomba sem hefjast annað kvöld, þriðjudagskvöld, henti fólki. Allir eru hvattir til að koma og prófa þennan seiðandi dans en vinsældir hans fara ört vaxandi um allan heim.

**Hvað?** Masterclass með Baron Baptiste
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Yoga Shala, Skeifunni 7
Yoga Shala kynnir með mikilli eftirvæntingu frábæran kennara sem kemur í heimsókn. Fólk er hvatt til að missa ekki af þessu einstaka tækifæri. Verð: 8.900 kr. fyrir meðlimi í Yoga Shala. 12.900 kr. fyrir aðra (ekki er tekið við greiðslukortum í Yoga Shala). Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á yoga@yogashala.is með kvittun fyrir millifærslu. Bankaupplýsingar: 526-26-3130, kt. 420905-0410.


SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG
KVEIKTU Á SPARNAÐINUM



FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Sumarauki og hleðslustöð að verðmæti 500.000 kr. fylgir!

Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifið kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenskri orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki ásamt hleðslustöð að verðmæti 150.000 með öllum nýjum Mitsubishi Outlander PHEV bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hlökkum til að sjá þig!

**Outlander Instyle PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
5.490.000 kr.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# DAGSKRÁ

# Mánudagur




### SILENT WITNESS
KL. 20:35

Hörkuspennandi sería frá BBC um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar óhugnanleg morð hafa verið framin. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Fyrri þátturinn er sýndur á sunnudagskvöldum og sá seinni á mánudagskvöldum.





**Magnað mánudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**


### GRAND DESIGNS: AUSTRALIA
KL. 19:25

Frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum þar sem oftar en ekki er einblínt á nútímahönnun.



### AMERICAN WOMAN
KL. 20:15

Þættirnir gerast á miðjum áttunda áratugnum og fjalla um Bonnie sem neyðist til að ala upp dætur sínar tvær á eigin spýtur eftir framhjáhald eiginmanns hennar.



### SHARP OBJECTS
KL. 21:30

Amy Adams fer hér með hlutverk fréttakonunnar Camille Preaker sem snýr aftur á heimaslóðir þar sem hrottalegt morð var framið en ekki er allt sem sýnist.




### SUITS
KL. 22:20

Skemmtileg þáttaröð um lífið á lögfræðistofunni Pearson Specter Litt í New York. Katherine Heigl leikur nýjan eiganda sem er hörð í horn að taka.



### WHY HIM?
BÍÓ KL. 22:00

Ned er ástríkur faðir en ofverndar dóttur sína og honum líst heldur betur ekki á blikuna þegar hann hittir kærasta hennar í fysta skipti.



### SEINFELD
3 KL. 21:50

Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Strákarnir
**07.50** The Middle
**08.15** The Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** I Own Australia's Best Home
**10.25** Mayday
**11.10** Hvar er best að búa
**11.45** Margra barna mæður
**12.10** Fósturbörn
**12.35** Nágrannar
**12.55** Britain's Got Talent
**14.45** Happening: A Clean Energy Revolution
**15.55** Age of Loneliness
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Grand Designs: Australia
**20.15** American Woman Stórgóðir nýir og ferskir þættir með Aliciu Silverstone og Menu Suvari í aðalhlutverkum. Þættirnir gerast á miðjum áttunda áratugnum og fjalla um Bonnie sem neyðist til að ala upp dætur sínar tvær á eigin spýtur eftir að maðurinn hennar heldur framhjá henni.
**20.40** Silent Witness
**21.35** Sharp Objects
**22.30** Suits
**23.15** Lucifer Þriðja syrpan af þessum mögnuðu spennuþáttum frá Warner um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn. Hann finnur fyrir nýjum tilgangi og vill láta gott af sér leiða eftir að hann kynnist lögreglukonu og byrjar því aðstoða hana við rannsókn sakamála með sínum einstöku og yfirnáttúrulegu hæfileikum til þess að fá fólk til að uppljóstra sínum dýpstu leyndarmálum.
**00.00** 60 Minutes
**00.45** Major Crimes
**01.30** Succession
**02.30** Better Call Saul
**03.20** Castle Rock
**04.10** Vice Principals
**04.40** Age of Loneliness
**05.40** Happening: A Clean Energy Revolution

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Manchester City - Huddersfield
**09.15** Brighton - Manchester United
**10.55** Messan
**12.25** KA - KR
**14.05** Grindavík - Stjarnan
**15.45** Premier League World
**16.15** Messan
**17.45** Breiðablik - Valur
**20.00** Football League Show
**21.15** Pepsímörkin
**22.35** Football League Show
**23.05** NFL Hard Knocks

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50** Real Madrid - Getafe
**09.30** Stjarnan - FH
**11.10** Breiðablik - Víkingur Ó.
**12.50** Víkingur Ó - Þróttur
**14.30** Selfoss - Grindavík
**16.10** Real Madrid - Atletico Madrid
**17.50** Football League Show
**18.20** PL Match Pack
**18.50** Crystal Palace - Liverpool
**21.00** Spænsku mörkin
**21.30** Goðsagnir - Steingrímur Jó
**22.15** Valencia - Atlético Madrid
**23.55** Breiðablik - Valur

## STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** The New Girl
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**21.00** Who Do You Think You Are?
**22.00** Divorce
**22.30** Stelpurnar
**22.55** Supernatural
**23.40** Last Man Standing
**00.25** Seinfeld
**00.50** Friends
**01.15** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Ævintýraferðin
**07.37** Hvellur keppnisbíll
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Tindur
**08.23** K3
**08.34** Mæja býfluga
**08.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Rasmus Klumpur
**10.55** Lalli
**11.00** Strumparnir
**11.25** Ævintýraferðin
**11.37** Hvellur keppnisbíll
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og litli
**12.13** Tindur
**12.23** K3
**12.34** Mæja býfluga
**12.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Rasmus Klumpur
**14.55** Lalli
**15.00** Strumparnir
**15.25** Ævintýraferðin
**15.37** Hvellur keppnisbíll
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og litli
**16.13** Tindur
**16.23** K3
**16.34** Mæja býfluga
**16.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**17.00** Könnuðurinn Dóra
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Rasmus Klumpur
**18.55** Lalli
**19.00** The Seventh Dwarf



**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Wyndham Championship
**13.05** Indy Women in Tech Championship
**15.05** Countdown to the Ryder Cup
**15.30** Wyndham Championship
**20.30** PGA Highlights
**21.25** Indy Women in Tech Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15** Along Came Polly
**12.45** The Pursuit of Happyness
**14.40** Tootsie
**16.35** Along Came Polly
**18.05** The Pursuit of Happyness Dramatísk og sannsöguleg kvikmynd frá 2006 um einstæðan föður sem þráir heitast af öllu að tryggja syni sínum öruggt líf.
**20.05** Tootsie
**22.00** Why Him?
**23.50** A Walk Among the Tombstones Spennumynd frá 2014 sem fjallar um leyfislausa einkaspæjarann Matthew Scudder sem missti vinnuna sem lögreglumaður eftir voðaskot sem hann bar ábyrgð á. Dag einn fær hann tilboð frá höfuðpaur glæpasamtaka sem biður hann um að finna þá sem rændu eiginkonu hans.
**01.45** The Vatican Tapes
**03.15** Why Him?

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** Bækur og staðir
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
**14.20** Pricebræður bjóða til veislu
**15.00** Úr Gullkistu RÚV: Út og suður
**15.25** Úr Gullkistu RÚV: Af fingrum fram
**16.05** Á götunni
**16.35** Níundi áratugurinn
**17.20** Brautryðjendur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Letibjörn og læmingjarnir
**18.19** Alvin og íkornarnir
**18.30** Millý spyr
**18.37** Uss-Uss!
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Ævi
**20.05** Treystið lækninum
**21.10** Kiri
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Hljóðupptaka í tímans rás
**23.10** Golfið
**23.35** Á meðan við kreistum sítrónuna
**00.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.05** Everybody Loves Raymond
**12.30** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.15** Dr. Phil
**13.55** Superior Donuts
**14.20** Madam Secretary
**15.05** Black-ish
**15.30** Rise
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Superstore
**20.10** Top Chef
**21.00** MacGyver
**21.50** The Crossing
**22.35** Valor
**23.20** The Tonight Show
**00.45** CSI
**01.30** This is Us
**02.15** The Good Fight
**03.05** Star
**03.50** I'm Dying Up Here
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


30 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
SÉRSTAKIR GESTIR SVALA OG DAÐI FREYR
STJÓRNIN
SIGGA BEINTEINS · GRÉTAR ÖRVARSSON · EIÐUR ARNARSSON · EINAR BRAGI BRAGASON · FRIÐRIK KARLSSON
JÓN ELFAR HAFSTEINSSON · KRISTJÁN GRÉTARSSON · SIGFÚS ÓTTARSSON · ÞORSTEINN GUNNARSSON
BAKRADDIR FRIÐRIK ÓMAR · REGÍNA ÓSK · ERNA HRÖNN
HÁSKÓLABÍÓ FÖSTUDAGINN 28. SEPTEMBER
MIÐASALA Á TIX.IS
Egils APPELSÍN
HIÐ EINA SANNA








**Kristín Júlla**
- Lof mér að falla
- Áramótaskaup 2016
- Hjartasteinn
- Hrútar
- Hraunið
- Vonarstræti
- The Secret Life of Walter Mitty
- XL
- Okkar eigin Osló
- Rokland
- Hamarinn
- Jóhannes

**Margrét**
- Undir trénu
- Hrútar
- Vonarstræti
- Svartur á leik
- Sumarlandið
- Brim
- Órói
- Blóðbönd
- Game of Thrones
- Noah
- Dead Snow 2: Red vs. Dead
- The Secret Life of Walter Mitty
- 22. july
- Eld och lågor/Swoon
- Arctic

**Kristín Júlla og Margrét koma báðar að gerð kvikmyndar eftir teiknimyndasögum Peters Madsen.**

# Öllu vanari kuldanum

Fjölmargir Íslendingar koma að dönsku stórmyndinni Valhalla sem tekin er upp víðs vegar um Skandinavíu. Meðal annars förðunarmeistarinn **Kristín Júlla** og búningahönnuðurinn **Margrét Einarsdóttir**.

Tökur standa nú yfir á dönsku stórmyndinni Valhalla, eða Goðheimum eins og hún kallast á íslensku, í Danmörku. Tvær íslenskar leikkonur leika í myndinni, Salóme Gunnarsdóttir og Lára Jóhanna Jónsdóttir. Þá kemur Netop að framleiðslunni en fyrirtækið hefur gert Hrúta og Undir trénu meðal annars. Síðan eru það stórstjörnurnar bak við tjöldin, Margrét Einarsdóttir búningahönnuður og förðunarmeistarinn Kristín Júlla Kristjánsdóttir.

**HITINN HEFUR VERIÐ MJÖG STÓR HINDRUN FYRIR OKKUR. ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ KREFJAST ALLS KONAR LAUSNA AÐ REYNA AÐ HJÁLPA LEIKURUNUM Í ÞESSARI HITABYLGJU.**

Þetta er ævintýramynd um þau Röskvu og Þjálfa og ævintýri þeirra. Eins og nafnið gefur til kynna er þetta víkingamynd og kallast Goðaheimar á íslensku. Hún er gerð eftir hinum vinsælu teiknimyndum Valhalla sem Peter Madsen gerði. Danski leikstjórinn Fenar Ahmad leikstýrir og skrifar handritið ásamt Adam August.

„Hitinn hefur verið mjög stór hindrun fyrir okkur. Það er búið að krefjast alls konar lausna að reyna að hjálpa leikurunum í þessari hitabylgju,“ segir Margrét.

„Sumir leðurklæddir frá toppi til táar og aðrir með mikil og flókin gerfi.

Maður er vanari að díla við kuldann sko,“ bætir Kristín við.

Hitinn hefur gert leikurum erfitt fyrir enda hafa þeir þurft að klæðast þungum búningum, oft úr leðri frá toppi til táar, og mikið sminkaðir, en hitinn í Skandinavíu þetta sumarið hefur slegið öll met.

Þær stöllur eru ánægðar með hvernig til hefur tekist. Vinnuaðstaða og allt í kringum myndina sé upp á tíu. „Það er búið að vera alveg frábær upplifun að vinna hérna í Danmörku. Það er alveg frábært fyrirtæki sem heitir Profile pictures í samvinnu við Netop films. Það er ekki svo oft sem maður fær tækifæri til að hanna ævintýramyndir. Við höfum fengið frábært starfsumhverfi, skilning og stuðning. Alveg einstakt fólk í hverri stöðu,“ segir förðunarmeistarinn Kristín Júlla.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


TÓNLEIKUR KYNNIR
DAVID CROSBY
& FRIENDS
SKY TRAILS
TOUR 2018
HÁSKÓLABÍÓ
23. ÁGÚST
MIÐASALA Á TIX.IS
www.DAVIDCROSBY.com

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
www.kraftur.org

# Takk fyrir að hlaupa af Krafti!

Kraftur þakkar þeim hlaupurum sem ákváðu að setja krafta sína í Reykjavíkurmaraþonið í þágu félagsins sem og ykkur öllum sem hétuð á þá og tókuð þátt í að hvetja þá til dáða. Sömuleiðis þökkum við öllum þeim sem gerðu okkur kleift að birta þessi þakkarorð.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Guðmundar Brynjólfssonar



## Hollustuhlaup

Ég leit aðeins til Reykjavíkur í fyrradag, rétt um miðjan daginn, þegar síðustu svínfeitu kerlingarnar voru að renna sér fótskriðu, í eigin lýsi, í mark í einhverri hlaupavegalengd sem var þeim ofviða. Lærin á þeim eins og ormétin firkantstré, dragandi rass og keppi. Álengdar, hvetjandi, stóðu stútungs karlar í andnauð, pungsveittir með blóðrisa geirvörtur, þrútnir af áreynslu með síma á lofti að mynda sjálfa sig með þátttökupening um háls og skúturnar sínar sem stundu sig yfir marklínuna. Til léttis því fólki sem hafði snemma í vor, líklega í ölæði, tekið að sér að snara peningum yfir hálsinn á hlaupadýrunum.

Lækjargatan var eins og óeirðasvæðið við Alþingishúsið á þingsetningardegi, eða fjármarkaður í Stratford-upon-Avon; járngrindur í skipulagðri óreiðu, til þess að stía í sundur fólki og fénaði, sárfættum hlaupaköttum og gangandi lífsstílslausum skríl sem kann ekki að hlaupa – nema þá í spik, eða á sig.

Þau börn, sem foreldrar höfðu ekki þvingað til hlaupa, stóðu og horfðu í forundran á þessa orgíu og svipuðust um eftir bannmerki í umhverfinu; einhverju tákni um að þessi ósköp væru þeim forboðin – líkt og ljótu myndirnar í sjónvarpinu sem þau eru hrakin frá með harðri hendi.

Sjúkrabílar óku á ofsahraða eftir gangstéttum, því götur voru að mestu lokaðar, með deyjandi hlaupagikki sem ekki höfðu kunnað fótum sínum forráð – og alls ekki hugsun sinni – í viðleitni til að styðja gott málefni. Andrúmsloftið mettað líkamslykt og útblæstri neyðarbifreiða – og manna. Veitingamenn báru stóla og borð út í herlegheitin svo fólk gæti setið þar og þjórað þangað til púðurlyktin síðar um kvöldið kæfði mannaþefinn.

Ég ók heim til að mæla blóðsykurinn í kettinum – og fitna.









# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS